



# Alþjóðleg fjármálastarfsemi á Íslandi

Nefnd forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi

Október 2006

## EFNISYFIRLIT

I. SKIPAN OG STARF NEFNDARINNAR	4
I. 1. Skipun nefndarinnar	4
I. 2. Markmið og verkefni	4
I. 3. Starfshættir nefndarinnar	5
I. 4. Efni skýrslunnar	5
II. ALÞJÓÐLEG FJÁRMÁLASTARFSEMI	6
II. 1. Tvenns konar lögsögur	6
II. 2. Einkenni árangurs	7
III. ALÞJÓÐLEG FJÁRMÁLASTARFSEMI Í SAMANBURÐARLÖNDUM	8
IV. STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR Í STÖÐU ÍSLANDS	10
IV. 1. Helstu styrkleikar	11
IV. 2. Helstu veikleikar	11
IV. 3. Sóknarfæri	12
IV. 4. Ógnanir	12
V. ALMENNAR FORSENDUR OG SÓKNARFÆRI	12
V. 1. Jákvæð afstaða stjórnvalda	14
V. 2. Einfaldara Ísland	15
V. 3. Lánamarkaður með verðbréf	16
V. 4. Uppgjörsmiðstöð verðbréfa	17
V. 5. Öryggi í fjarskiptasamböndum	17
V. 6. Viðskiptalöggjöf og upplýsingar á erlendum tungumálum	18
V. 7. Alþjóðlegir skólar	18
V. 8. Bankaleynd	19
VI. HUGMYNDIR TIL EFLINGAR ALÞJÓÐLEGRI FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU	19
VI. 1. Ísland sem höfn fyrir höfuðstöðvar og kjarnastarfsemi alþjóðlegra félaga	19
VI. 2. Alþjóðleg lífeyrismiðstöð	23
VI. 3. Alþjóðlegir sjálfseignarsjóðir („trusts“)	24
VI. 4. Sjálfstæðir sjóðir í nýju formi	25
VI. 5. Samkeppnishæf skattlagning á fjármagnstekjur félaga	26
VI. 6. Takmörkuð skattskylda erlendra aðila hér á landi.	28
VI. 7. Skattlagning erlendra sérfræðinga	30
VI. 8. Auðveldari flutningur til Íslands	31
VI. 9. Rýmri reglur um aðflutta einstaklinga	31
VII. YFIRLIT UM FYLGISKJÖL	33

# I. SKIPAN OG STARF NEFNDARINNAR

## I. 1. Skipun nefndarinnar

Forsætisráðherra skipaði þann 24. nóvember 2005 nefnd til að fjalla um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi og samkeppnishæfni landsins á því sviði. Nefndinni var falið að reifa tækifæri sem slík starfsemi gæti skapað og mögulegan ávinning fyrir efnahags- og atvinnulíf í landinu.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka hf., var skipaður formaður nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn:

Bolli Þór Bollason, *ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu.*  
Baldur Guðlaugsson, *ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.*  
Kristján Skarphéðinsson, *ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.*  
Pálmi Haraldsson, *framkvæmdastjóri.*  
Ásdís Halla Bragadóttir, *forstjóri BYKO.*  
Jón Sigurðsson, *seðlabankastjóri.*  
Haukur Hafsteinsson, *framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR).*  
Hulda Dóra Styrmsdóttir, *ráðgjafi.*  
Guðjón Rúnarsson, *framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.*  
Halldór B. Þorbergsson, *hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.*  
Katrín Ólafsdóttir, *lektor við Háskólann í Reykjavík.*

Með nefndinni starfaði Ragnar Jónasson, *lögfræðingur*, sem ritari hennar. Jón Sigurðsson lét af störfum í nefndinni þegar hann tók við embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

## I. 2. Markmið og verkefni

Nefndin hafði það verkefni að skoða lög og reglur um fjármálastarfsemi, fjármagnsmarkað, skattheimtu og félagaumsvif út frá því sjónarmiði hvort gera þurfi umbætur á löggjöf til að ýta undir alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi, án þess að slaka á kröfum um eðlilegt aðhald og eftirlit. Þá var nefndinni m.a. ætlað að efna til faglegrar umræðu um alþjóðlega fjármálastarfsemi og kynna nýjustu viðhorf í þeim efnum á opinberum vettvangi.

Nefndin hefur í störfum sínum tekið mið af eftirfarandi atriðum sem fram komu í skipunarbréfi hennar:

- *Friðs fjármagnsmarkaður og þróaðar fjármálastofnanir hafa átt drjúgan þátt í að efla samkeppnishæfni þjóðarinnar á undanförunum tveimur áratugum. Fjármálastarfsemi er orðinn einn af höfuðatvinnuvegum landsmanna og skapar athafnafólki á fjölmörgum sviðum möguleika á því að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd, jafnt innanlands sem á erlendum vettvangi.*
- *Framrás íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi er afsprengi ákvarðana sem teknar voru um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, um frelsi í vaxtaákvörðunum, um einkavæðingu ríkisbanka og um hagstætt skattaumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Því ber brýna nauðsyn til þess að huga að því hvaða ákvarðanir þurfi að taka til þess að áframhald geti orðið á þróun fjármálastarfseminnar á Íslandi.*
- *Sóknarfæri Íslendinga eru ekki sist á sviði þjónustu. Í þeim geira ráða hugarfar og viðhorf fólks meira máli en staðsetning eða náttúruauðlindir. Sköpunarkraftur, menntun og stöðug viðleitni til að bæta samkeppnisstöðu ráða úrslitum. Sérhæfð þjónusta við íslensk alþjóðafyrirtæki, sem spröttið hafa upp að undanförunum, og fjármálaþjónusta við alþjóðleg fyrirtæki, sem hér kynnu að vilja hafa aðsetur, gætu orðið meðal helstu vaxtarbrodda atvinnulífsins ef rétt er haldið á málum.*
- *Stjórnvöld vilja fyrir sitt leyti stuðla að slíkri þróun, ekki sist til að hamla gegn atgervisflotta frá landinu og skapa ný og verðmæt störf og um leið mynda eftirsóknarvert samfélag hæfileikafólks á Íslandi.*

- *Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að sameinast um það metnaðarfulla verkefni að koma fjármálaþjónustu hér á landi á svipað stig og gerist í löndum eins og Bretlandi, Hollandi, Írlandi, Lúxemborg og Sviss. Nefndinni var falið að kanna með hvaða hætti best yrði staðið að þessu á Íslandi.*

## I. 3. Starfshættir nefndarinnar

Nefndin hóf starf sitt með umfangsmikilli gagnaöflun, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Nefndin hélt sex formlega fundi, en auk þess var á vegum hennar efnt til viðræðna við ýmsa aðila til þess að leita eftir upplýsingum og kanna stöðu málefna sem eru á undirbúningsstigi í stjórnkerfi og atvinnulífi.

Á fund nefndarinnar komu Pat Farrell, framkvæmdastjóri Sambands banka og fjármálastofnana á Írlandi og skattasérfræðingarnir Hans-Joachim Jaeger, lögfræðingur frá Ernst&Young í Sviss og Silvain Nickel, lögfræðingur frá Ernst&Young í Hollandi og gerðu þeir grein fyrir löggjöf og stjórnáslu varðandi alþjóðlega fjármálastarfsemi á sínum heimavettvangi.

Prófessor Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur og þeir Sigurður Kristinn Egilsson, Þórarinn Sveinsson og Jóhann Möller frá Kaupþingi banka gerðu nefndarmönnum grein fyrir hugmyndum um Ísland sem alþjóðlega lífeyrismiðstöð. Fjármálaráðuneytið lét af þessu tilefni vinna sérstaka greinargerð um framkvæmd ESB-tilskipunar um lífeyrismál á Íslandi (sjá fylgiskjal 5).

Ásgeir Jónsson hagfræðingur flutti á fundi nefndarinnar yfirlit um þróun íslenskrar fjármálastarfsemi í fortíð, nútíð og framtíð.

Ragnar Jónasson skýrði nefndinni frá fundi sínum með Guðmundi Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Farice og Jóni Birgi Jónssyni, stjórnarformanni Farice um öryggi í fjarskiptum og hringtengingu Farice.

Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu og Karl Alvarsson, fulltrúi, komu á fund nefndarinnar til þess að ræða um fjarskiptasamband við Ísland.

Jón Elvar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður, vann að beiðni nefndarinnar yfirlit um eftirsóknarverð tækifæri í alþjóðlegri fjármálastarfsemi og kynnti það á nefndarfundi.

Nefndin fól ritara að kynna sér stöðu alþjóðlegra skóla á grunn- og menntaskólastigi og var það gert með heimsókn í Alþjóðaskólann í Víkurskóla (en skólinn er nú staðsettur í Sjálandsskóla) og með viðræðum við fulltrúa menntamálaráðuneytis og fræðsluviðs Reykjavíkurborgar.

Þá fékk nefndin ábendingar frá ýmsum aðilum, s.s. SBV, Landsbanka Íslands og Viðskiptaráði.

## I. 4. Efni skýrslunnar

Í samræmi við erindisbréf nefndarinnar er í skýrslu þessari fjallað um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi og reifaðar hugsanlegar breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi til að stuðla að slíkri starfsemi. Þær hugmyndir sem fram hafa komið á fundum nefndarinnar og hér eru settar fram eru þannig ætlaðar til frekari umræðu og umfjöllunar fremur en að hér sé um eiginlegar tillögur að ræða. Nefndin er sammála um þessa útfærslu og af því leiðir að ekki ber að líta þannig á að nefndarmenn standi endilega allir á bak við einstakar hugmyndir eða tölulegar útfærslur einstakra liða.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að skilgreina hvað átt sé við með alþjóðlegri fjármálastarfsemi og hvað af slíkri starfsemi væri hugsanlega æskilegt að laða til Íslands. Þá er gerður samanburður á stöðu mála á Íslandi miðað við Noreg, Svíþjóð, Holland, Ungverjaland, Írland, Lúxemborg og Sviss. Einnig er fjallað um styrk- og veikleika Íslands í því samhengi.

Starf nefndarinnar hefur leitt í ljós að ákveðnir grunnþættir einkenna lögsögur sem náð hafa langt á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi og tekur umfjöllun um hugmyndirnar mið af því. Meginviðhorf nefndarmanna er að setji stjórnvöld sér það markmið að efla alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi, verði einungis settar almennar reglur fyrir íslenskt atvinnulíf í því skyni, sem standist allar EES-kvaðir.

## II. ALÞJÓÐLEG FJÁRMÁLASTARFSEMI

„Alþjóðleg fjármálastarfsemi“ vísar til þess sem á ensku er kallað „international financial services“, sem hefur víðtæka skírskotun til alþjóðlegrar fjármálastarfsemi fyrirtækja. Þá er alþjóðleg fjármálastarfsemi einkum rædd í sambandi við það laga- og rekstrarumhverfi sem fjármála- og þjónustufyrirtækjum er skapað í svokölluðum alþjóðlegum fjármálamiðstöðvum („international financial centres“), s.s. í Sviss, Lúxemborg, Hollandi og á Írlandi, svo og í einstaka borgum eins og London og New York.

Í skýrslu Ernst & Young til nefndarinnar<sup>1</sup>, kemur fram að það sem einkennir árangur Sviss sem alþjóðlegrar fjármálamiðstöðvar sé sambland af eftirfarandi þáttum:

1. *Markviss og sveigjanleg laga- og reglugerðasetning;*
2. *Gæði opinberrar þjónustu og þróuð samskipti;*
3. *Þróuð banka- og tryggingastarfsemi;*
4. *Færni starfsmanna á sviði skatta- og fjármálastarfsemi og annarrar sérfræðipjónustu;*
5. *Bankaleynd (með skilgreindum undanþágum til að verjast misnotkun);*
6. *Lágir skattar og auðveldur aðgangur að skattyfirvöldum;*
7. *Langvarandi stöðugleiki svissneska frankans;*
8. *Stöðugleiki í opinberri stjórnsýslu.*

### II. 1. Tvenns konar lögsögur

Alþjóðleg fjármálastarfsemi hefur tvíþætta skírskotun, „offshore“ og „onshore“. Með „offshore“ er fyrst og fremst átt við lögsögur þar sem ekki gilda sömu (eða sambærilegar) skattareglur fyrir innlenda aðila og erlenda, ófullnægjandi eða ekkert eftirlit er fyrir hendi, lítið eða ekkert gagnsæi og ófullnægjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir peningaþvætti o.s.frv. Hér er fyrst og fremst vísað til einstakra eylanda, s.s. í Karabíska hafinu. Með „onshore“ er fyrst og fremst átt við lögsögur sem hafa þróað lagaumhverfi fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi, eru virkar í alþjóðlegu samstarfi og veita einstaklingum og félögum ekki eingöngu þjónustu heldur einnig markviss aðhald og eftirlit. Hér má nefna lögsögur eins og Bretland, Írland, Lúxemborg, Holland og Sviss.

Að öllu athuguðu má segja að hugtakið „alþjóðleg fjármálastarfsemi“ vísi í skýrslu þessari til þjónustu fyrirtækja og sérfræðinga á tilteknu svæði þar sem laga- og viðskiptaumhverfi er gagnsætt, öruggt, stöðugt og reglulega aðlagð að þróun í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum, þar sem starfsemin sætir hóflegri skattlagningu, nýtur velvildar og þjónustu opinberra stofnana og býr við virkt eftirlit.

### II. 2. Einkenni árangurs

Þegar borin eru saman helstu einkenni og reglur í alþjóðlegum fjármálamiðstöðvum („onshore“), þá virðast eftirfarandi þættir einkenna þær sem náð hafa hvað bestum árangri (þótt misjöfn áhersla sé lögð á einstaka þætti í hverri lögsögu)<sup>2</sup>:

#### 1. *Gagnsæi í reglum og virkni á markaði*

Það er mikilvægt að reglur séu til staðar, þær séu auðskiljanlegar og veiti markaðsaðilum nægt rými til þróunar og framrásar, en þess gætt að starfsemi fyrirtækja á markaði sé gagnsæ.

#### 2. *Markviss en sveigjanlegt lagaumhverfi.*

Það er grundvallarskiyrdi fyrir því að varanlegur árangur náist að lög og reglur sæti ekki fyrirvaralittlum grundvallarbreytingum, heldur þróist jafnt og þétt og lagi sig að breyttum viðskiptaháttum og alþjóðlegri samkeppni.

#### 3. *Óumdeilanlegur vilji í verki til að berjast gegn misnotkun.*

Uppfæra þarf reglulega lög og reglur er kveða á um eftirlit og aðhald, svo sem um peningaþvætti, og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í baráttu gegn hugsanlegri misnotkun á þjónustu aðila í alþjóðlegri fjármálastarfsemi.

#### 4. *Jákvætt viðhorf til alþjóðlegra markaða og fjárfesta.*

Stjórnvöld og embættismenn verða að hafa jákvætt viðhorf til alþjóðlegrar samkeppni á fjármálamarkaði og þess að þjónusta slíka starfsemi og laða að erlendar fjárfestingar. Það ýtir undir stofnun fyrirtækja og sjóða og eykur eignastýringu frá viðkomandi lögsögum, enda sé þess gætt að bæði almenn lög og skattalög hindri ekki slíkar fjárfestingar.

#### 5. *Bankaleynd.*

Brýnt er að veita fjárfestum vernd gegn því að upplýsingar um þá séu birtar öðrum aðilum án þeirra samþykkis. Jafn mikilvægt er að veita ákveðnar undanþágur frá bankaleynd, til að koma í veg fyrir misnotkun á henni. Undanþágurnar þurfa þó að vera skýrar í lögum og varða tiltekin rannsóknartilvik. Til dæmis þegar opinber aðili krefst upplýsinga vegna rannsóknar á máli sem sannanlega varðar þann sem upplýsingar eru beðnar um.

#### 6. *Skattlagning félaga.*

Í flestum lögsögum, þar sem alþjóðlegar fjármálamiðstöðvar hafa náð árangri, er þess gætt að raunskattlagning félaga sé lág þótt almennt sé misjafnt hver skattprósenta sjálf er. Þannig getur verið að skattprósenta félaga sé um 30%, en tiltekna (fjármagns-)tekjur þeirra séu í raun lítið eða ekkert skattlagðar, óháð því hvort eigendur félaganna séu innlendir eða erlendir. Þess gætir þó meir að almennt skatthlutfall fari lækkandi (t.d. Írland, Holland, Sviss). Það er nokkuð misjafnt hvernig þessum málum er háttað í helstu alþjóðlegu fjármálamiðstöðvum og fer það nokkuð eftir „markhópum“ og tegundum viðskipta sem lögð er áhersla á að viðhalda og auka í viðkomandi lögsögu.

#### 7. *Samkeppnishæfar reglur um afdráttarskatta.*

Viðkomandi lögsögur hafa annaðhvort undanþegið almennt skattlagningu tiltekna greiðslur á milli landa, s.s. arðs-, vaxta- og þóknana greiðslur, eða veitt sérstakar undanþágur þegar um fjárfesta frá tiltekinni lögsögu er að ræða, annað hvort samkvæmt landslögum eða milliríkjasamningi (t.d. tvísköttunarsamningur eða EES/ESB).

<sup>1</sup> Ernst & Young: Switzerland – framework conditions for leading financial services centre, dags. 26. janúar, bls. 3 (fylgiskjal 9).

<sup>2</sup> Ernst & Young: Switzerland – framework conditions for leading financial services centre, dags. 26. janúar, bls. 3 og 7-14, sbr. einnig almenna umfjöllun í skýrslu Deloitte: Study on the Future of the International Financial Services Sector in Ireland, September 2004.

### 8. Þjónusta skattfyrivalda.

Einn mikilvægasti liðurinn í uppbyggingu alþjóðlegrar fjármálamiðstöðvar tengist góðri þjónustu hæfra starfsmanna skattfyrivalda, þar sem félög og einstaklingar geta rætt málin beint við skattfyrivöld og fengið leiðbeiningar og bindandi álit skattfyrivalda, sem byggjast á almennum og viðurkenndum lögskýringum.

### 9. Aðrir mikilvægir þættir:

- Áhersla á mikil lífsgæði í landinu;
- Ráðherrar og embættismenn hafi almennt mjög jákvætt viðhorf til viðskiptalífsins og alþjóðlegra fjárfestinga;
- Sveigjanleg vinnulöggjöf;
- Hágæða skólar og rannsóknarmiðstöðvar;
- Alþjóðlegir skólar og leikskólar;
- Almenn og góð tungumálakunnátta;
- Fullkomið samskiptanet;
- Hæfileg skattlagning einstaklinga og sérstakar reglur um skattlagningu tekna erlendra sérfræðinga („ex-patriates“);
- Rík áhersla á stjórnun fjárhagsáætlana og útgjalda ríkis og sveitarfélaga;
- Þung áhersla á að viðhalda stöðugleika gjaldmiðils;
- Stuðningur við velferðarþjóðfélag, þar sem einstaklingum er tryggt grundvallaröryggi, réttarkerfið er virkt og stöðugt unnið að lækkan á glæpatíðni.

## III. ALÞJÓÐLEG FJÁRMÁLASTARFSEMI Í SAMANBURÐARLÖNDUM

Nefndin hefur við störf sín litið talsvert til nágrannalanda sem náð hafa langt á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi, s.s. til Hollands, Írlands, Lúxemborgar og Sviss. Þá hefur verið litið til örrar þróunar undanfarin ár á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndunum, svo og í nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Segja má að Ungverjaland hafi þar nokkra sérstöðu enda hafa Ungverjar öðlast reynslu á þessu sviði og getið sér góðs orðstírs.

Lönd sem hafa náð hvað mestum árangri á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi eiga það sameiginlegt að hafa það sem yfirlýsta stefnu að stuðla að uppbyggingu hennar. Þau fylgja því eftir með ábyrgum hætti í stjórnsýslu og lagasetningu. Þá er ljóst að stjórnsýsla vegna málaflöksins er ekki tilviljunarkennd eða unnin í hjáverkum, heldur er hún vel skipulögð, ábyrg og gagnsæ. Það einkennir lögsögurnar jafnframt að stöðugt er unnið að því að bæta þá þætti sem taldir eru upp sem einkennismerki árangurs í kaflanum hér á undan. Eins og fram hefur komið eru ýmsir grundvallarþættir nauðsynlegir uppbyggingu alþjóðlegrar fjármálastarfsemi. Að þeim slepptum má segja að sérfræðingar séu sammála um að skattareglur, þjónusta og viðmót skattfyrivalda séu mikilvægustu mælikvarðarnir á árangur í samkeppninni um alþjóðlegar fjárfestingar og virkni alþjóðlegrar fjármálastarfsemi í viðkomandi lögsögu.<sup>3</sup>

Eftirfarandi er samanburður á ákveðnum atriðum skattlagningar á tekjum félaga af fjármálastarfsemi. Löndin sem samanburðurinn nær til eru Ísland, Noregur, Svíþjóð, Holland, Ungverjaland, Írland, Lúxemborg og Sviss. Samanburðurinn er settur fram sem yfirlit og endurspeglar því skatthlutfall miðað við tegund tekna.<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Þetta hefur einnig komið skýrt fram í máli Pat Farrell, framkvæmdastjóra Sambands banka og fjármálastofnana á Írlandi, um árangur uppbyggingar á alþjóðlegri fjármálastarfsemi á Írlandi.

<sup>4</sup> Ekki er litið til áhrifa sem tvísköttunarsamningar kunna að hafa.

Í knöppu yfirliti gefst ekki færi á að lýsa efnislegum þáttum viðkomandi skattkerfa sem hafa sérstök áhrif á skattlagningu heldur er látið nægja að benda á nokkur lykilatriði í neðanmálgreinum. Því er um að ræða almennan samanburð en í nokkrum ríkjanna hefur skattkerfið ýmsar reglur sem draga verulega úr skattlagningu. Raunskatthlutfall verður því mun lægra en almennt skatthlutfall gefur til kynna. Þau ríki sem helst falla í þennan flokk eru Holland, Ungverjaland, Lúxemborg og Sviss. Sjá eftirfarandi töflu.

	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Holland <sup>5</sup>	Ungv.land	Írland	Lúx. <sup>6</sup>	Sviss <sup>7</sup>
Almenn %	18	28	28	25,5	16 <sup>8</sup>	12,5/10 <sup>9</sup>	22,88	16 - 29 <sup>10</sup>
Söluh.	18 <sup>11</sup>	0 <sup>12</sup>	0 <sup>13</sup>	0	8 <sup>14</sup>	0 <sup>15</sup>	0 <sup>16</sup>	0 <sup>17</sup>
Arður	0 <sup>18</sup>	0 <sup>19</sup>	0 <sup>20</sup>	0	0	0 <sup>21</sup>	0 <sup>22</sup>	0 <sup>23</sup>
Royalties	18	28	28	10 / 25,5 <sup>24</sup>	8 <sup>25</sup>	12,5 <sup>26</sup>	5 - 23	4 - 29
Vextir	18	28	28	5 / 25,5 <sup>27</sup>	8 <sup>28</sup>	12,5	2- 23 <sup>29</sup>	4 - 29 <sup>30</sup>

Þá hafa verið settar almennar reglur innan Evrópusambandsins um skattlagningu til að auðvelda viðskipti milli aðildarríkjanna með því að afnema afdráttarskatta og þar með skattlagningu á tiltekna greiðslur sem fara milli landa. Reglurnar eru settar til þess að koma í veg fyrir afdráttarskattlagningu á vöxtum, þóknunum og arði í aðildarríkjunum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Auk þess eiga þær að koma í veg fyrir, eða minnka verulega, skattlagningu á arði í móttökuríki (frádráttur eða undanþága frá skattlagningu). Þá leggja sum ríki, eins og t.d. Holland, megináherslu á það í tvísköttunarsamningum sínum að greiðslurnar sæti ekki (tvi)skattlagningu á milli landa. Reyndar sæta þóknarir, vextir og söluhagnaður útlendra félaga ekki skattskyldu í Hollandi.

<sup>5</sup> Skatthlutföllin eru miðuð við boðaðar breytingar í hollensku skattkerfi sem taka eiga gildi 1. janúar 2007.

<sup>6</sup> Það ber að vekja athygli á því að ýmsar reglur gilda í Lúxemborg sem valda því að skattstofn verður lítil, því verður virkt skatthlutfall oft verulega lægra en almenn skattprósenta gæti gefið til kynna. Þá eru fyrir hendi möguleikar á sérstökum samningum við skattfyrivöld.

<sup>7</sup> Yfirlit yfir skattlagningu í Sviss er eflitt þar sem mismunandi reglur geta gilið eftir Kantónum, hér er gefið yfirlit yfir alrikisskattlagninguna og Kantónuskattlagninguna en raunverulegt skatthlutfall einstakra félaga getur verið á nokkuð breiðu bili.

<sup>8</sup> Hlutfallið er 10% að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, það hlutfall miðast við minni fyrirtæki, þá getur 25% skatthlutfall átt við vegna tekna sem ekki eru taldar vera af viðskiptum.

<sup>9</sup> 10% hlutfallið á við um framleiðslufyrirtæki. Þá eru veittar margskonar ívilnanir varðandi starfsemi sem Írar vilja leggja sérstaka áherslu á að fá til landsins, s.s. hátækniyrirtæki (sérstakur skattalegur frádráttur reiknaður vegna rannsóknar- og þróunarvinnu) og skipa- og flutningastarfsemi (t.d. „tonnage tax“).

<sup>10</sup> Auk þess sem hver Kantóna er með mismunandi skatthlutfall eru miklir möguleikar til samninga varðandi viðkomandi starfsemi og skattlagningu hennar.

<sup>11</sup> Möguleikar á ótímabundinni frestun.

<sup>12</sup> Alltaf undanþegið skattlagningu ef upprunnið innan EES, þróskuldar varðandi tíma og eignarhald ef utan EES.

<sup>13</sup> Söluhagnaður af hlutabréfum sem ekki eru skráð á markað er jafnan undanþeginn skatti, þegar um skráð bréf er að ræða þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til undanþágunnar.

<sup>14</sup> Skatthlutfallið er 16% en 50% skattstofnsins undanþegin skattlagningu þegar um er að ræða skráð félög og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

<sup>15</sup> Undanþágan á við þegar ákveðnum þróskuldum er náð.

<sup>16</sup> Undanþágan á við þegar ákveðnum þróskuldum er náð.

<sup>17</sup> Undanþágan á við þegar ákveðnum þróskuldum er náð.

<sup>18</sup> Virkt skatthlutfall er almennt 0% þar sem skattstofninn er enginn, í ákveðnum tilvikum getur skatthlutfallið verið 18%.

<sup>19</sup> Alltaf undanþegið skattlagningu ef upprunnið innan EES, þróskuldar varðandi tíma og eignarhald ef utan EES.

<sup>20</sup> Arður af hlutabréfum sem ekki eru skráð á markað er jafnan undanþeginn skatti, þegar um skráð bréf er að ræða þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til undanþágunnar.

<sup>21</sup> Arðurinn er skattskyldur en frádráttur frá skatti er veittur vegna undirliggjandi skattlagningar þannig að alla jafna verður engin skattlagning á Írlandi.

<sup>22</sup> Undanþágan á við þegar ákveðnum þróskuldum er náð.

<sup>23</sup> Undanþágan á við þegar ákveðnum þróskuldum er náð.

<sup>24</sup> Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum verða tekjur af einkaleyfum skattlagðar í virku 10% hlutfalli.

<sup>25</sup> Skatthlutfallið er 16% en 50% skattstofnsins undanþegin skattlagningu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

<sup>26</sup> Undanþága getur átt við vegna einkaleyfa sem þróuð hafa verið á Írlandi. Þá eru veittir sérstakir frádráttarlíðir vegna rannsókna og þróunar sem m.a. geta verið grundvöllur fyrir skráningu einkaleyfa.

<sup>27</sup> Skattlagning á vaxtagreiðslum innan samstæðu verður gerð í virku 5% skatthlutfalli.

<sup>28</sup> Skatthlutfallið er 16% en 50% skattstofnsins undanþegin skattlagningu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

<sup>29</sup> Í Lúxemborg er þekkt fyrirkomulag að í lánastarfsemi er tekið tillit til reiknaðs (notional) kostnaðar fjármagns þannig að skattstofninn lækkar og raunskatthlutfall þar með.

<sup>30</sup> Í Sviss er þekkt fyrirkomulag að í lánastarfsemi er tekið tillit til reiknaðs (notional) kostnaðar fjármagns þannig að skattstofninn lækkar og raunskatthlutfall þar með.

Með sama hætti og hér að framan eru skoðuð sömu lönd og sömu tegundir tekna nema hvað fjárfestar eru erlend félög og sæta því takmarkaðri skattlagningu í viðkomandi lögsögu (afdráttarskattar):

	Ísland <sup>31</sup>	Noregur	Svíþjóð	Holland	Ungv.land	Írland	Lúx.	Sviss
Söluh.	15	0	0	0	0	0	0	0
Arður	15	0 <sup>32</sup>	0 <sup>33</sup>	0 <sup>34</sup>	0	0 <sup>35</sup>	0 <sup>36</sup>	0/35 <sup>37</sup>
Royalties	18	0	0 <sup>38</sup>	0	0	0 <sup>39</sup>	0	0
Vextir	0	0	0	0	0	0 <sup>40</sup>	0	0/35 <sup>41</sup>

Hér er hugtakið afdráttarskattur almennt notað um staðgreiðslu af arðs-, vaxta- og þóknatekjum til erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi. Afdráttarskattur getur þá verið fullnaðargreiðsla slíks skatts hér á landi án eftirfarandi framtalsskyldu og álagningar eins og almennt gildir um staðgreiðslu fjármagnstekna innlendra aðila.

Afdráttarskattar á fjármagnstekjur eru umtalsverð hindrun í alþjóðlegum viðskiptum. Afnáam þeirra, með einum eða öðrum hætti, er ein af lykilforsendum fyrir því að alþjóðleg fjármálastarfsemi nái að þróast hér á landi.

## IV. STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR Í STÖÐU ÍSLANDS

Lítið hagkerfi, eins og það íslenska, hefur upp á takmarkaða eftirspurn eða framleiðslugetu að bjóða til að laða að starfsemi erlendra fjármálastarfsema. Á hinn bóginn eru innviðir efnahagslífsins mjög samkeppnishæfir og stjórnkerfið hefur til að bera sveigjanleika sem gæti stuðlað að verulegri tekjuaukningu af alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Miklu skiptir að skilgreina bestu möguleika Íslands í samkeppni landa á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi og finna út hvar styrkleikar og veikleikar landsins liggja. Almennt gildir hið sama um alþjóðlega fjármálastarfsemi og framrás íslenskra félaga á alþjóðlegum mörkuðum. Fyrir örríki í efnahagslegum skilningi getur það haft gífurlega þýðingu ef fyrirtæki sem rætur eiga í íslensku efnahagslífi ná brotabroti af stórum alþjóðlegum mörkuðum eða þeim tekst að ná föttestu í atvinnulífi þjóða þar sem íbúar skipta tugum milljóna. Hugmyndin um að efla alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi snýst um að veita hingað alþjóðlegum fjármagnshreyfingum, gera landið að höfn höfuðstöðva alþjóðlegra fyrirtækja og mynda tekjustrauma sem með hóflegri skattlagningu yrðu mikilvæg tekjulind fyrir íslenska ríkið og uppspretta nýrra og arðbærra sérfræðistarfa. Um er að ræða umhverfisvæna starfsemi, þar sem með litlum fórnarkostnaði er hægt að skapa umtalsverðar tekjur fyrir þjóðarbúið. Ýmsar forsendur

<sup>31</sup> Rétt er að athuga að reglur íslenskra laga um skattlagningu tekna erlendra aðila sem upprunnar eru á Íslandi eru óljósar í ýmsum efnum. Hér er miðað við það sem almennt er notað.

<sup>32</sup> Enginn skattur er lagður á arðgreiðslu ef móttakandi er innan EES, hærra hlutfall getur átt við í öðrum tilfellum.

<sup>33</sup> Enginn skattur er lagður á arðgreiðslu ef móttakandi er innan ESB, hærra hlutfall á við í öðrum tilfellum, þ.e. 30% eða lægra hlutfall samkvæmt tvísköttunarsamningi.

<sup>34</sup> Enginn skattur er lagður á arðgreiðslu ef móttakandi er innan ESB og ákveðnum þróskuldum er náð, í öðrum tilvikum verður lagður á 15% afdráttarskattur frá 1. janúar 2007 eða lægra hlutfall samkvæmt tvísköttunarsamningum – sem yfirleitt er 0% í samræmi við samningsfyrirmynd Hollands.

<sup>35</sup> 20% afdráttarskattur getur átt við þegar greitt er til landa utan ESB eða landa sem ekki hafa gert tvísköttunarsamning við Írland, þó ekki ef þeim er stjórnað af aðilum í fyrrgreindum löndum.

<sup>36</sup> Ef greitt er til félags utan ESB og Sviss þá á við allt að 35% hlutfall eða lægra samkvæmt tvísköttunarsamningi.

<sup>37</sup> Enginn skattur er lagður á greiðslur til félaga innan ESB ef þróskuldum er náð, 35% hlutfall á annars við nema tvísköttunarsamningur kveði á um lægra hlutfall.

<sup>38</sup> Enginn skattur er lagður á arðgreiðslu ef móttakandi er innan ESB og ákveðnum þróskuldum er náð, í öðrum tilvikum er enginn afdráttarskattur heldur er lagt á nettó tekjur samkvæmt framtali.

<sup>39</sup> 20% afdráttarskattur getur átt við þegar greitt er vegna einkaleyfis, þó ekki ef móttakandi er innan ESB.

<sup>40</sup> 20% afdráttarskattur getur átt við þegar greitt er til landa utan ESB sem ekki hafa gert tvísköttunarsamning við Írland.

<sup>41</sup> Enginn skattur er lagður á vaxtagreiðslu ef móttakandi er innan ESB og ákveðnum þróskuldum er náð, 35% hlutfall á annars við nema tvísköttunarsamningur kveði á um lægra hlutfall.

þurfa þó að vera fyrir hendi til þess að hægt verði að efla alþjóðlega fjármálastarfsemi hér á landi, eins og nánar er fjallað um í kafla V., svo sem öruggt fjarskiptasamband við útlönd, alþjóðlegir skólar og jákvæð afstaða stjórnvalda.

### IV. 1. Helstu styrkleikar

- Samkeppnishæft lífeyrissjóðakerfi.
- Öflug fjármálastarfsemi, þar sem veruleg alþjóðleg reynsla hefur myndast á undanförunum árum hjá fjármálastofnunum, þjónustuaðilum, eftirlitsaðilum og stjórnmalámönnum.
- Sérhæfing hefur átt sér stað, einkum á eftirfarandi sviðum:
- Fjárfestingarbankastarfsemi, þ.m.t. þjónusta við samruna og yfirtökur og sérhæfða lánastarfsemi.
- Almenn eignastýring.
- Stofnun og stýring sjóða.
- Sveigjanleg vinnulöggjöf
- Almenn viðskiptalöggjöf í samræmi við þá sem þekkt í Evrópu (EES).
- Afnáam eignarskatts frá og með 1. janúar 2005.
- Ný lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, júlí 2006.
- Aukin þekking alþjóðlegra fjárfesta og greiningaraðila á Íslandi og íslensku viðskiptaumhverfi.
- Sterkur efnahagur landsins til lengri tíma og pólitískur stöðugleiki.
- Skilvirk stjórnsýsla og lítill spilling.
- Almennar reglur en ekki sérreglur eða undantekningar.
- Vel menntað fólk.
- Fyrir eru öflug þekkingarfyrirtæki á Íslandi, sem geta vaxið með aukinni þátttöku erlendra fjárfesta og erlendra starfsmanna (stuðlar beint og óbeint að aukinni alþjóðlegri fjármálastarfsemi á Íslandi).
- Lega lands mitt á milli Bandaríkjanna og Evrópu.
- Góðar samgöngur og þjónusta við ferðamenn.
- Almenn netnotkun og háhraðatengingar (bæta þarf tengingar við útlönd).
- Skattar af félögum eru lítill hluti af heildartekjum ríkissjóðs (3-7% á undanförunum árum, 8-9% samkvæmt áætlun fyrir 2006-2007).
- Lítil áhætta ef tekin er ákvörðun um lækun skatthlutfalla félaga eða raunskattlagningar þeirra.
- Auðvelt að vinna lækun skatthlutfalla upp með stærri stofnum og breikkun annarra stofna með aukinni starfsemi, s.s. í virðisaukaskatti og launatengdum sköttum.
- Gerir samkeppnisstöðu okkar sérstaklega sterka, þar sem flest nágrannalönd hafa ekki þennan sveigjanleika.
- Nokkur alþjóðleg fyrirtæki hafa nú þegar staðsett tiltekna eignarhalds- og/eða fjármálastarfsemi sína hér á landi.

### IV. 2. Helstu veikleikar

- Fámennt land og því með takmarkaðan mannauð til þjónustu.
- Há laun og hátt verðlag.
- Veðurfar og lega í Norður-Atlantshafi.
- Tiltölulega stutt reynsla (og kynning) á sviði alþjóðlegrar bankastarfsemi.
- Takmarkað traust fjárfesta á gjaldmiðli landsins.
- Skiptar skoðanir um aðhald í fjárfestingum opinberra aðila (verðbólga, gengi krónu).
- Skortur á samstarfsvilja skattfyrivalda við fyrirtæki og sérfræðinga.
- Vöntun á samkeppnishæfum skattareglum um fjármagnstekjur fyrirtækja og erlendra fjárfesta (sér í lagi varðandi söluhagnað og afdráttarskatta).
- Almennt skatthlutfall félaga ekki lengur eins samkeppnishæft og áður.

#### IV. 3. Sóknarfæri

Aukin sóknarfæri geta m.a. byggt á eftirfarandi meginviðmiðunum um framtíð alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi:

- Sérhæfing í eigna- og sjóðaðumsýslu. Á heildina lítið virðist Ísland vera vel í stakk búið til að takast á við samkeppni um alþjóðlega fjármálastarfsemi á sviði lífeyrissjóða, bankastarfsemi og einstakra afurða fjármálafyrirtækja. Einnig í þjónustu við sérfræðinga í tengslum við eignarhalds- og fjármögnunarfélög alþjóðlegra félagasamstæðna.
- Frelsi til þróunar og aðlögunar. Innendum sem erlendum ráðgjöfum kemur saman um að rétt sé að leggja áherslu á að skapa traustan grundvöll fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi hér á landi, en jafnframt að leggja sérstaka áherslu á einstaka þætti sem henta landinu best með hliðsjón af styrkleikum þess og veikleikum.
- Byggt á traustu orðspori. Á sama tíma þarf að gæta að því hvernig viðskipti stjórnvöld vilja laða til landsins, enda skiptir orðspor landsins mestu um áframhaldandi árangur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi.
- Engu að tapa, allt að vinna. Lækkun skatthlutfalla félaga yrði ekki verulegur fórnarkostnaður við að ná fram þeim tekjuauka sem leiða myndi af vaxandi umsvifum í alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Reynslan á Íslandi bendir eindregið til þess að lækkun skatthlutfalla auki skatttekjur ríkissjóðs.

#### IV. 4. Ógnanir

- Alþjóðleg glæpastarfsemi, peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Hugsanlegar tilraunir vafasamra fjármálafyrirtækja til að koma sér upp aðstöðu á Íslandi.
- Hætta á að Ísland skapi sér orðspor sem „vafasöm“ fjármálaparadís.
- Efnahagslegur óstöðugleiki vegna sveiflna í gengi íslensku krónunnar.

Í ljósi ofangreinds er skynsamlegast, ef markmiðið er að laða að alþjóðlega fjármálaþjónustu, að gera almennar breytingar á lögum og reglum, sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja (ekki síst fjármálafyrirtækja og annarra útrásarfyrirtækja) í stað þess að leita sértækra lausna. Þar sem sérstök sóknarfæri liggja m.a. í alþjóðlegri starfsemi lífeyrissjóða, fagfjárfesta- og fjárfestingarsjóða og annarrar eignaumsýslu, mætti hugsa sér að lögð yrði rík áhersla á að bæta rekstrarumhverfi slíkra sjóða og sjóðastýringar hér á landi, a.m.k. til jafns við það besta í samkeppnislöndum okkar. Þá gæti reynst nauðsynlegt að setja sérstakar reglur sem auðvelda erlendum sérfræðingum, og fjölskyldum þeirra, að flytja til landsins, búa hér og starfa.

### V. ALMENNAR FORSENDUR OG SÓKNARFÆRI

Vöxtur fjármálageirans á Íslandi hefur á undanförunum áratug verið langt umfram vöxt landframleiðslu og stuðlað að auknum hagvexti, framförum og batnandi lífskjörum. Nefndin telur að samfara hærra þróunarstigi þessa hluta efnahagslífsins, sem líklegt er að skili þjóðarbúinu áframhaldandi ávinningi, sé fyrir hendi tækifæri til þess að efla alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi sem fært gæti landinu á móta búhnykk á næstu árum sé markvisst að því stefnt af hálfu stjórnvalda. Fjármálastarfsemi fylgir mikill virðisauki og tekjur innan greinarinnar eru háar og menntunarstig starfsfólks talsvert hærra en í flestum öðrum greinum. Eins og sakir standa starfa um 3% vinnuafis landsins við fjármálaþjónustu en hafa ríflega 6% launatekna landsins. Að sama skapi hefur hlutur fjármálaþjónustu í landsframleiðslu vaxið í tæplega 8% á örfáum árum og fór fram úr sjávarútvegi á árinu 2005.

Nefndin leggur mikla áherslu á að verði mörkuð sú stefna að laða til landsins alþjóðlega fjármálastarfsemi, þá miðist allar aðgerðir og ákvarðanir við það að ýta undir þá þjónustu sem

líkleg sé til þess að auðga samfélagið og orðspor Íslands á alþjóðavettvangi. Um leið þarf að búa þannig um hnúta að ekki fylgi með í kaupunum „óæskilegar“ fjárfestingar sem geta haft neikvæð áhrif í samfélaginu og á orðspor landsins til lengri tíma sem virtrar lögsögu fyrir alþjóðlega fjármálaþjónustu. Lönd eins og Bermúdaeyjar, Bahamaeyjar og Keymaneyjur heimta enga skatta af þegnum sínum og fyrirtækjum. Ekki ætti að sækja fyrirmynd til þessara landa, eða landa á borð við Costa Rica, Grenada, Hong Kong og Panama. Fjármálaeftirlit í þessum löndum er lítið eða takmarkað og Ísland ætti aldrei að feta sömu braut og þessi lönd og landsvæði enda ganga tillögur nefndarinnar út á uppbyggingu alþjóðlegrar fjármálastarfsemi án þess að slakað verði á eðlilegu og skilvirku eftirliti á fjármálamarkaði.

Nefndin telur að almennt sé lagaumhverfi á Íslandi hagstætt fyrirtækjum, en þó kunni að vera þörf á einstökum breytingum á lögum og reglum sem stuðli enn frekar að frelsi atvinnufyrirtækja til að skapa ný tækifæri á alþjóðavettvangi og ná þar árangri á eigin forsendum. Meginviðhorfið er þó að hér séu einungis settar almennar reglur sem standist allar EES-kvaðir og komi öllum atvinnurekstri til góða. Þá hafa komið fram hugmyndir sem jafnframt gera ráð fyrir breytingum á tilteknum sviðum alþjóðlegrar fjármálaþjónustu sem gætu verið sérstaklega eftirsóknarverðar fyrir landið í ljósi markaðsmöguleika til lengri tíma.


Fjármagn er kvikasti skattstofn sem fyrirfinnst. Á þessu hafa ríkisstjórnir fjölmargra vestrænna ríkja áttað sig og beitt sér fyrir umbótum á rekstrarumhverfi fyrirtækja, sér í lagi með það fyrir augum að laða að fyrirtæki og einstaklinga í alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Á undanförunum fimm árum hafa Danir, Svíar, Hollendingar, Belgar, Ástralir og Írar komið á viðtækum umbótum á skattkerfi og rekstrarumhverfi fyrirtækja með það fyrir augum að laða til sín aukna starfsemi á sviði alþjóðlegra fjármála.

Þjóðirnar hafa gengið misjafnlega langt í umbótunum. Hins vegar er stefnufesta stjórnvalda rauður þráður í uppbyggingu alþjóðlegrar fjármálastarfsemi - enda líta erlendir fjárfestar einkum til stöðugs rekstrarumhverfis og fyrirsjáanleika við ákvörðun á staðsetningu.

Nefndin hefur komist að því að ákveðnir grunnþættir einkenni lögsögur sem náð hafa langt á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi eins og sést á yfirliti í II. kafla. Umfjöllunin um þær hugmyndir sem reifaðar eru í skýrslunni tekur mið af þessum þáttum.

Talið er að sérstök sóknarfæri liggja í eignaumsýslu og sjóðastjórnun hvers konar, þar sem veruleg reynsla og þekking á slíku hefur skapast hér á landi. Hér er verið að vísa til þess að byggt verði á reynslu og árangri af starfsemi lífeyrissjóða, eignarhalds- og fjármögnunarfélaga, fagfjárfesta- og fjárfestingarsjóða og annarrar eignaumsýslu. Verði mörkuð sú stefna að sérhæfa Ísland enn frekar á þessu sviði leiðir af sjálfu sér að lagaumhverfi fyrir alþjóðlega eigna- og sjóðaðumsýslu þarf að vera eins samkeppnishæft og kostur er.

Sú staðreynd að félagaskattar á Íslandi vega talsvert minna í tekjuöflun ríkisins en í samanburðarlöndum gefur möguleika á samkeppnisforskoti þar sem með litlum tilkostnaði er hægt að skapa aðlaðandi starfsumhverfi sem gæti fært landinu mikla alþjóðlega tekjustrauma og fjölda áhugaverðra og arðbærra starfa. Áhætta af lækkun skatthlutfalls fyrirtækja hér á landi er því lítil – slíki lækkun skapar Íslandi mikla sérstöðu og einstakt tækifæri til þess að ná árangri á þessu sviði til framtíðar. Eins og dregið er fram á neðangreindri mynd hafa skatttekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja aukist hröðum skrefum frá því að tekjuskattshlutfall var lækkað úr 30% í 18% árið 2001.



Reglur er varða þekkingarfyrirtæki þurfa að vera samkeppnishæfar og geta aðlagast atvinnurekstri í stöðugri þróun. Í ljósi legu landsins fjarri mörkuðum og vegna fámennis gæti reynst nauðsynlegt að setja sérstakar reglur sem auðvelda erlendum sérfræðingum, og fjölskyldum þeirra, að taka ákvörðun um að flytja til landsins, búa hér og starfa og tryggja þannig vöxt og viðgang alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi til frambúðar.

Nær ógerlegt er að spá fyrir um það hverskonar fyrirtæki kynnu að spretta hér upp ef hugmyndir um aðlaðandi umhverfi fyrir alþjóðlega fjármálaþjónustu yrðu að veruleika. Í því sambandi má benda á að EES-reglur, endurskoðun á íslensku lagaumhverfi, lækkun á tekjuskatti félaga, einkavæðing og auknið frelsi í viðskiptum við útlönd skiluðu miklum efnahagslegum ávinningi fyrir þjóðarbúið á síðasta áratug samfara því sem allmörg íslensk fyrirtæki tóku stökkið yfir á alþjóðlega markaði. Í hópi þeirra eru félög sem starfa á sviðum sem enginn hefði spáð fyrirfram að væru líkleg til afreka á alþjóðavettvangi eins og í tengslum við smásölu á sérvöru, lyfjaframleiðslu, flutningastarfsemi, stoðtækjagerð og dreifingu á kældum matarréttum. Hið sama gæti orðið uppi á teningnum í alþjóðlegri fjármálaþjónustu þótt megineinkenni hugmyndanna, sem kynntar verða til sögunnar, felist í því að laða hingað ábyrga starfsemi sem væri frekar stór í sniðum og hefði hag af skýru lagaumhverfi sem stæðist allar alþjóðlegar kröfur og stöðugt opinbert eftirlit.

Ekki þarf að fjölyrða um það hve mikilvægt það er fyrir alla þróun í viðskiptalífi að keppt sé að sem mestum stöðugleika í efnahags- og peningamálum. Þá er ekki síður mikilsvert að stöðugt sé unnið að því að gera lagaumhverfi markvisst en sveigjanlegt, auka gegnsæi og virkni á markaði, og tryggja um leið viðhald velferðarþjóðfélags þar sem grundvallaröryggi og mannréttindi eru tryggð með skilvirku réttarkerfi. Nefndin leggur í þessu sambandi sérstaka áherslu á nokkra þætti sem gætu verið til þess fallnir að auka styrk íslensks samfélags á sviðum þar sem úrbóta er augljóslega þörf til að gera umhverfið eftirsóknarverðara fyrir alþjóðlega fjármálaþjónustu.

### V. 1. Jákvæð afstaða stjórnvalda

Afstaða stjórnvalda til alþjóðlegrar fjármálaþjónustu hér á landi getur skipt miklu varðandi það lykilatriði að viðhalda slíkri starfsemi til langframa. Þannig væri til að mynda heppilegt að stjórnvöld settu sér markmið um að ganga helst aldrei skemur í umbótum á rekstrarskýrðum fyrirtækja en viðmiðunarþjóðir okkar. Að sama skapi er nauðsynlegt að markaðsaðilum reynist auðvelt að leita til stjórnvalda, til dæmis ráðuneyta og skattfirvalda, með nýjar hugmyndir, fyrirspurnir og álitamál og fá fram opinskáa umræðu um slík mál og skjót svör. Eins og títt er í samanburðarlöndum þurfa markaðsaðilar og stjórnvöld að skiptast reglulega á skoðunum um helstu málefni. Hér á landi mætti t.d. hugsa sér að sett yrði á fót samráðsnefnd ráðuneyta og samtaka aðila á fjármálamarkaði.

Æskilegt er talið að viðbrögð stjórnvalda við álitamálum aðila á markaði, til dæmis varðandi túlkun á skattalögum og reglum um fjármálamarkaðinn, séu eins hröð og kostur er og fyrirspurnir verði ætíð skoðaðar með opnum huga. Í Sviss eru skattfirvöld til dæmis talin vera mjög samstarfsfús og móttækileg fyrir viðskiptalegum röksemdum. Þannig hefur reynst mögulegt að fá svör frá yfirvöldum þar innan sólarhrings ef mikið liggur við. Samstarfsvilji skattfirvalda í Hollandi er einnig talinn vera ein skýringin á því hversu góðum árangri Hollendingar hafa náð í skattamálum.

Búa þyrfti þannig um hnúta að ætíð sé hægt að leita til ráðuneyta og opinberra aðila vegna álitamála um túlkun á lögum og reglum sem og vegna hugmynda að laga- og reglugerðarbreytingum sem gætu bætt samkeppnisstöðu Íslands á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi. Í þessu sambandi mætti einnig hugsa sér breytingar á reglum um forúrskurði (bindandi álit) í skattamálum, þess eðlis að hægt yrði að afla slíkra forúrskurða á fleiri sviðum en nú er, að hægt yrði að leggja fram nafnlausar beiðnir um forúrskurði (eins og boðið er upp á í Sviss) og loks að allar ákvarðanir í þessum efnum færðust á eina hendi, til að gæta samræmis, til að mynda til yfirsíttanefndar (með sambærilegum hætti og í Svíþjóð).

### V. 2. Einfaldara Ísland

Ekki er blöðum um það að fletta að það væri mikill ávinningur fyrir samkeppnisstöðu fjármálagæirans ef dregið yrði úr kostnaði við skrifræði í reglusetningu (e. red tape).

Englendingar, Hollendingar og Írar hafa einsett sér að ná árangri á þessu sviði og hefur aðferðafræði hollenskra stjórnvalda vakið sérstaka athygli. Þar í landi komust menn að þeirri niðurstöðu um aldamótin að kostnaður við skrifræði í reglusetningu næmi 16,4 milljörðum evra. Samkvæmt aðgerðaáætlun sem hófst árið 2004 var stefnt að því að minnka kostnaðinn um fjórðung á fjórum árum. Samkomulag var um að slaka í engu á meginmarkmiðum í lögum og reglum en stefna að bættri útfærslu. Þegar áætlunartímabilið er hálfnað hefur tekist að minnka kostnað við skrifræði um 17% og stjórnvöld telja sýnt að markmið áætlunarinnar muni auðveldlega nást. Lykillinn að árangrinum í Hollandi virðist fólgin í því að hvert ráðuneyti ber ábyrgð á því að markmiðum sé náð á þeim sviðum sem undir það heyra að viðlagðri skerðingu á fjárframlögum náist þau ekki. Þetta kann að þykja hart aðgöngu en lakari árangur í Bretlandi og á Írlandi virðist benda til þess að aðferðafræði af þessu tagi sé nauðsynleg eigi markmið áætlana að nást.

Starfshópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem forsætisráðherra skipaði til að undirbúa aðgerðaáætlunina „Einfaldara Ísland“ skilaði tillögum í september 2006. Þar segir að samkeppnis-hæfni atvinnulífs og lífskjör almennings ráðist að töluverðu leyti af því hvernig til tekst við opinbera reglusetningu. Flóknar og torskildar reglur geti valdið óþarfa kostnaði atvinnulífsins og þar með dregið úr samkeppnishæfni þess. Skýrar og sanngjarnar leikreglur stuðli á hinn bóginn að bættum lífskjörum almennings og auðveldi jafnramt ríki og sveitarfélögum að sinna verkefnum sínum.

Starfshópurinn setur fram tillögur í sérstakri aðgerðaáætlun um hvernig megi með markvissum hætti ná fram einfaldara og skilvirkara laga- og regluverki á þremur árum. Áætlunin fer hér á eftir:

### AÐGERÐAÁÆTLUN 2006-2009

#### 1. Samráð og gagnsæi við undirbúning nýrrar löggjafar

1.1. Lagt er til að ekki síðar en 1. janúar 2007 fylgi útfylltur gátlisti [sjá fylgiskjal 7 með skýrslu þessari, þar sem tillögur starfshópsins eru birtar í heild] hverju stjórnarfrumvarpi (að undanskildu fjárlagafrumvarpi og frumvarpi til fjárukalaga) þegar það er lagt fram í ríkisstjórn sem sýni að gætt hafi verið að ákveðnum lykilatriðum við undirbúning frumvarpa. Gátlistinn verði síðan prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þegar það er lagt fram á Alþingi. Gátlistinn verði endurskoðaður reglulega í ljósi reynslunnar.



1.2. Lagt er til að frá og með hausti 2006 geymi stjórnarfrumvarpalisti sá sem fylgir stefnuræðu forsætisráðherra, eftir því sem við á, stutta lýsingu á efni væntanlegra frumvarpa (m.a. komi fram markmið og tilefni lagasetningar) og tímaáætlun framlagningar.

1.3. Lagt er til að forsætisráðherra eigi frumkvæði að því að á árinu 2007 verði gefnar út leiðbeiningar um samningu lagafrumvarpa að höfðu samráði við ráðuneytin og skrifstofu Alþingis. Þar verði meðal annars fjallað um form og uppsetningu lagafrumvarpa, hvernig æskilegt sé að haga samráði við gerð frumvarpa og hvernig eigi að haga mati á áhrifum lagasetningar á atvinnulíf, almenning, sveitarfélög og önnur stjórnvöld.

1.4. Þá er lagt til að fyrir árslok 2006 og að höfðu samráði við önnur ráðuneyti gefi dóms- og kirkjumálaráðuneytið út leiðbeiningar um samningu og útgáfu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem birtast eiga í B-deild Stjórnartíðinda.

### **2. Áætlanir verði gerðar um einföldun á tilteknum sviðum**

2.1. Lagt er til að hvert og eitt ráðuneyti geri langtímaáætlun fyrir árin 2007-2009 um það hvernig staðið verði að einföldunarstarfi varðandi þá málaflokka sem undir þau heyra. Það getur falist í því að uppfæra og einfalda lög og reglur, samræma reglur um hliðstæð efni eða einfalda og samræma stjórnáætlun með þarfir borgaranna í huga. Slíkar áætlanir tilgreini forgangsmálaflokka þar sem þörf er á einföldun og samræmingu og setji raunhæf og mælanleg markmið. Lagt er til að hvert ráðuneyti sendi forsætisráðherra áætlun sína ekki síðar en 1. september 2007.

2.2. Stuðlað verði að því að sérþekking varðandi laga- og reglusetningu verði aukin innan ráðuneytanna en einnig verði þeim tryggð fjármögnun til að mæta kostnaði við nauðsynlega sérfræðiaðstoð vegna mats á áhrifum lagasetningar.

### **3. Kallað verði eftir hugmyndum almennings**

Lagt er til að í tengslum við vefinn Ísland.is verði opnað sérstakt vefsvæði, helgað einföldun opinbers regluverks, þar sem almenningur geti til dæmis fengið yfirlit yfir drög að frumvörpum og reglugerðum sem eru til almennrar umsagnar en einnig komið á framfæri ábendingum um leiðir til að einfalda opinbert regluverk og stjórnáætlun.

### **4. Verkefnisstjórn**

Lagt er til að meginábyrgð á því að markmiðum um einföldun laga og reglna sé fylgt eftir hvíli á hverju og einu ráðuneyti. Til þess að tryggja eftirfylgni og gæta samræmis er lagt til að skipuð verði verkefnisstjórn og henni verði falið að þróa áfram viðmið um einfaldari og betri reglusetningu, til dæmis varðandi mat á áhrifum lagasetningar, og fylgja því eftir að ofangreindum tillögum verði hrundið í framkvæmd. Verkefnisstjórnin skili árlegri skýrslu til forsætisráðherra um framgang verkefnisins. Öðrum nefndum og samráðshópum verði komið á fót eftir þörfum. Sérstaklega verði gætt að samráði við ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem starfar á grundvelli laga nr. 27/1999."

### **V. 3. Lánamarkaður með verðbréf**

Færð hafa verið rök fyrir því að innleiðing virks lánamarkaðar með verðbréf sé nauðsynleg forsenda þess að hér á landi sé fjármálamarkaður sem uppfylli öll helstu skilyrði sem alþjóðlegur verðbréfamarkaður þarf að uppfylla.

Skilgreina mætti frekar í lögum um verðbréfavíðskipti hvernig fari um „lán“ á verðbréfum og svipuð afleiðuvíðskipti, svo og um skattalega meðferð þeirra. Breyta mætti lögum um lífeyrissjóði þannig að ekki leiki vafi á hvort sjóðunum sé kleift að stunda þessi víðskipti eða ekki. Þá væri rétt að skilgreina heimildir fjármálfyrirtækja til að hafa milligöngu um víðskiptin.

Verðbréfalán eru nú þegar umfangsmikill og mikilvægur þáttur á alþjóðlegum verðbréfamarkaði. Um er að ræða víðskipti þar sem verðbréf eru tímabundið „lánuð“ frá einum aðila (lánveitanda, e. lender) til annars (lántaka, e. borrower). Lántaka er jafnframt skylt að skila verðbréfunum aftur til lánveitanda, annað hvort að kröfu lánveitanda eða skv. samningi aðila. Til tryggingar kröfu sinni tekur lánveitandi að veði ásættanlegar eignir sem lántaki afhendir lánveitanda í tengslum við víðskiptin. Lántaki er skuldbundinn til að skila til baka samskonar verðbréfum. Með sama hætti á lántaki rétt á því að lánveitandi skili honum til baka því sem lagt er að veði.

Verðbréfalán geta aukið skilvirkni á markaði, þar sem skuldbinding til afhendingar verðbréfa getur átt sér stað með skömmum fyrirvara. Þá geta verðbréfalán auðveldað uppgjör félaga, t.d. þegar vilji er til að eyða tiltekinni markaðsáhættu með því að selja bréf á lánamarkaði. Jafnframt getur slíkur markaður komið lífeyrissjóðum vel, t.d. ef þeir vilja tímabundið minnka áhættu vegna hlutabréfastöðu, o.s.frv.

### **V. 4. Uppgjörsmiðstöð verðbréfa**

Varsla og uppgjör verðbréfa eru mikilvægir þættir í fjármálastarfsemi sem skipuleggja mætti betur á Íslandi. Umgjörð vörslu og uppgjörsmálefna þyrfti að vera með svipuðum hætti og fjárfestar eiga að venjast annars staðar í Evrópu. Keppt er að enn frekari hagræðingu á þessu sviði á Evrópuvettvangi og er meðal annars litið til þess að í Bandaríkjunum hefur náðst fram mun hagræmara skipulag en í Evrópusambandslöndunum.

Eitt af því sem huga þarf að í tengslum við alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi er að hér á landi verði starfandi öflug uppgjörsmiðstöð, sem hefði metnað til jafns við bestu miðstöðvar í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við, t.d. Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum. Meðal þess sem þarf að tryggja er að uppgjörskerfi slíkrar miðstöðvar ráði við uppgjör í erlendum myntum, en ekki eingöngu íslenskum krónum, til þess að sem auðveldast sé fyrir innlenda og erlenda aðila að gera upp víðskipti sín í öðrum gjaldmiðlum. Má telja að slíkt sé ein af forsendum þess að unnt sé að efla alþjóðleg verðbréfavíðskipti hér á landi.

Æskilegt væri að aðilar á markaði, til að mynda Kauphöll Íslands, Verðbréfasráning, Seðlabankinn og fjármálastofnanir kæmu sér saman um slíka uppgjörsmiðstöð, eftir atvikum með atbeina ríkisvaldsins, þar sem settur yrði skýr lagarammi um málefnið.

Samhliða þessu væri æskilegt að huga að sérstakri löggjöf um starfsemi verðbréfavörslufyrirtækja hér á landi. Bent hefur verið á að skýra þurfi reglur um fyrirtækjaaðgerðir á íslenskum markaði, svo sem afborganir, vaxta- og arðgreiðslur, þannig að útgefendum í Kauphöll sé skylt að tilkynna fyrirfram um helstu fyrirtækjaaðgerðir.

Einnig eru uppi skoðanir um að heimila þurfi stofnun safnskráningareikninga erlendra aðila hjá vörslufyrirtækjum á einni kennitölu og að setja þurfi skýrari reglur um atkvæðisrétt undirliggjandi eigenda á safnreikningi og fjármagnstekjuskatt af vöxtum og arði af eignum á safnreikningi. Þá væri af því mikið hagræði fyrir fjárfesta ef skattyfirvöld myndu viðurkenna ábyrgð og skyldur vörslufyrirtækja til að sjá um rétta innheimtu staðgreiðslu og afdráttarskatta, þ.m.t. að ákvarða hvort innheimta eigi slíka skatta af erlendum aðilum í ljósi undirliggjandi skattskyldu og tvísköttunarsamninga (sjá nánari umfjöllun um staðgreiðslu í kafla VI.5).

### **V. 5. Öryggi í fjarskiptasamböndum**

Ein af meginforsendum þess að hægt sé að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegt land fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi er fullkomið fjarskiptasamband milli Íslands og annarra landa. Trygg millilandasamskipti eru það sem erlend félög skoða fyrst þegar til álita kemur að hefja starfsemi í

nýju landi og á það raunar ekki síður við um hagkvæmar og tíðar flug- og skipasamgöngur. Í sambandi við öryggi í fjarskiptasamböndum er talið óhjákvæmilegt að gera þá lágmarkskröfu að ávallt verði tveir sæstrengir tengdir við landið auk varasambands um gervihnött.

Ljósleiðarasæstrengurinn Farice-1 liggur á milli Íslands og Skotlands, með tengingu við Færeyjar, en rekstur Farice-1 hófst í janúar 2004. Eldri ljósleiðarastrengur, Cantat-3, var tekinn í notkun árið 1994 og liggur frá Kanada til Danmerkur, Englands og Þýskalands með greiningum til Færeyja og Íslands. Því hefur verið haldið fram að Cantat-3 geti dugað sem varaleið til ársins 2010. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum 2005-2010 kemur fram að fjarskiptasamband milli Íslands og útlanda sé viðkvæmt fyrir óvæntum áföllum, svo sem bilunum eða skemmdarverkum, og staðan því óásættanleg til lengri tíma lítið vegna viðskiptahagsmuna og þjóðaröryggis. Ljóst væri að þessi staða gæti hamlað því að innlend og erlend fyrirtæki teldu sér fært að ráðast í að byggja upp þjónustu sem krefðist öruggrar tengingar við umheiminn. Þegar yrði að huga að því að leggja nýjan sæstreng. Þá segir eftirfarandi í greinargerðinni: „Sett verði öryggisviðmið vegna reksturs almennra fjarskiptaneta og vegna tengingar við umheiminn með það að leiðarljósi að tryggja öryggi í fjarskiptasamböndum hvort heldur er innan lands eða milli Íslands og annarra landa. Gerð verði sú lágmarkskrafa að ávallt verði tveir sæstrengir tengdir við landið auk varasambanda um gervihnött.“ Nefndin telur því mikilvægt í þessu ljósi að hefja hið fyrsta lagningu á nýjum sæstreng til að tryggja öryggi í samskiptum. Meðal þeirra möguleika sem nefndir hafa verið er strengur frá Vestmannaeyjum til Færeyja og Skotlands, strengur frá Skotlandi til Íslands og tenging við streng í Atlantshafinu.

Samgönguráðherra hefur skipað starfshóp til að gera tillögu um hvernig tryggja megi varasamband fjarskipta við umheiminn í framtíðinni. Starfshópurinn er nú að störfum.

#### V. 6. Viðskiptalöggjöf og upplýsingar á erlendum tungumálum

Mikilvægt er að allar reglur sem snerta fjármálamarkaðinn og tengd réttarsvið, til að mynda reglur um hlutafélög og einkahlutafélög, skattalög, starfsmannarétt o.fl., séu þýddar eins fljótt og kostur er yfir á ensku af ráðuneytum og birtar opinberlega. Heppilegast væri ef allar slíkar reglur væru aðgengilegar á einum stað á Netinu. Ekki er óeðlilegt að gert yrði sérstakt átak til þess að þoka þessu framfaramáli áfram t.d. með því að Alþingi stuðli að framgangi þess með sérstakri fjárveitingu.

Einnig er ljóst að framboð af almennum upplýsingum á ensku og öðrum erlendum tungumálum hér á landi þyrfti að stórkæpa. Aukið framboð af upplýsingum á ensku tryggir að erlendir aðilar sem starfa hér á landi eða hafa áhuga á að setja upp starfsstöðvar hér geti nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar og þar með ætti samkeppnisstaða landsins að styrkjast.

#### V. 7. Alþjóðlegir skólar

Mikill metnaður er hjá skólum á háskólastigi til þess að auka framboð á námi, sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, í því skyni að sérmennta innlenda sem erlenda sérfræðinga og stjórnendur á sviði fjármála. Hægt væri að leggja enn meiri áherslu en hingað til hefur verið gert á að sérnsiða námsleiðir samkvæmt þörfum markaðarins í samvinnu háskóla og atvinnulífs. En þó skal því sjónarmiði haldið til haga að íslensk fjármálafyrirtæki hafi notið góðs af því að Íslendingar hafa sótt framhaldsmenntun til fjölda landa og ólíkra háskólastofnana á mismunandi menningarsvæðum.

Hefji erlend fyrirtæki í auknum mæli starfsemi á Íslandi, er augljóst að þeir erlendu sérfræðingar sem hér myndu starfa þurfa að eiga þann valkost að senda börn sín í alþjóðlega skóla á grunn- og framhaldsskólastigi, sem starfa í samræmi við alþjóðlegar, viðurkenndar námsskrár. Slíkt myndi jafnframt auðvelda íslenskum fyrirtækjum að fá til liðs við sig fleiri erlenda sérfræðinga.

Hér á landi er nú starfandi á grunnskólastigi skóli sem kallast Alþjóðaskólinn og er til húsa í Sjúklandsskóla í Garðabæ. Skólinn, sem var stofnaður 2004, tók að hluta til við af sendiráðsskólanum í sendiráði Bandaríkjanna. Sambýlið við almennan grunnskóla hefur marga kosti í för með sér, bæði hvað varðar hagkvæmni í samnýtingu íþrótt-, tómsunda- og myndmenntaraðstöðu, en einnig vegna minni hættu á einangrun barna af erlendu þjóðerni.

Markmið Alþjóðaskólans er að kenna upp í 10. bekk, en eins og staðan er núna er hins vegar engin kennsla á ensku fyrir 8.-10. bekk (Alþjóðaskólinn hyggst þó bæta við kennslu fyrir 8. bekk á næsta ári). Alþjóðaskólinn telur þörf á því að lagaleg viðurkenning fáiast á alþjóðlegum skólum svo þeir þurfi ekki að fylgja íslenskri námsskrá. Menntamálaráðuneytið telur að heimild vanti til handa ráðuneytinu til að veita grunnskólum varanlegt leyfi til að kenna samkvæmt erlendri námsskrá. Brýnt er að bætt verði úr því.

Á framhaldsskólastigi er boðið upp á alþjóðlega námsbraut í Menntaskólanum við Hamrahlíð, en skólinn er aðili að International Baccalaureate samtökunum.

Sú skoðun er almenn að leikskólar á Íslandi séu í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði og eftirsóknarverðir fyrir foreldra ungra barna, innlenda sem erlenda. Á því skólastigi er ekki talin þörf á að koma upp sérstökum alþjóðlegum skólum.

#### V. 8. Bankaleynd

Almennt verður að telja að ákvæði íslenskra laga um bankaleynd séu í nokkuð góðu horfi. Þó er ástæða til að huga að því hvort rétt sé að takmarka aðgang skattyfirvalda að gögnum þegar um er að ræða fyrirsögnir sem ekki tengjast sérstökum rannsóknnum á skattamálum viðskiptamanna. Dómstólar hafa í vissum tilvikum heimilað slíka almenna upplýsingagjöf frá fjármálafyrirtækjum til skattyfirvalda. Mikilvægt er að tryggja rétt fjárfesta til trúnaðar samhliða því sem í lögum séu skýrar og vel skilgreindar heimildir yfirvalda, t.d. lögreglu og skattyfirvalda, til þess að afla upplýsinga sem varða einstök rannsóknartilvik, til að unnt sé að koma í veg fyrir misnotkun á bankaleyndinni.

## VI. HUGMYNDR TIL EFLINGAR ALÞJÓÐLEGRI FJÁRMÁLAPJÓNUSTU

Nefndin hefur valið þá leið að reifa allmargar hugmyndir sem hún telur að stuðlað geti að verulegri aukningu í alþjóðlegri fjármálaþjónustu á Íslandi, kæmu þær til framkvæmda á næstu misserum. Nefndarmenn eru þeirrar skoðunar að þær verðskuldi ítarlega umfjöllun og tímært sé að Alþingi og ríkisstjórn móti viðhorf sín til þessara mála, enda gæti verið um það að tefla að skapa aðstæður fyrir verulega framþróun í viðskiptalífi og umtalsverða tekjuöflun fyrir þjóðarbúið. Margvíslegar hugmyndir hafa komið fram í starfi nefndarinnar, m.a. um að gera Ísland að höfn fyrir höfuðstöðvar alþjóðlegra félaga, að leggja sérstaka áherslu á alþjóðlega eignastýringu (starfsemi lífeyrissjóða o.fl.), um breytingar á skattlagningu fjármagnstekna og um skattlagningu erlendra sérfræðinga.

#### VI. 1. Ísland sem höfn fyrir höfuðstöðvar og kjarnastarfsemi alþjóðlegra félaga

Ísland gæti mætt þeirri samkeppni sem ríkir um höfuðstöðvar og aðra kjarnastarfsemi alþjóðlegra fyrirtækja með því að bjóða þeim hagstæðara skattalegt rekstrarumhverfi en þekkist í nágrennalöndum okkar, án þess að flækja skattframkvæmd eða fórna skatttekjum.

Meginatriði þessarar hugmynda er að taka upp stíglækkandi tekjuskatt fyrirtækja. Þannig yrði almennt skattlutfall fyrirtækja áfram 18% en skattlutfall lækkaði hjá fyrirtækjum á þeim hluta

skattskylds hagnaðar sem væri umfram ákveðið mark á viðkomandi skattári („sliding scale mechanism”). Samsvarandi regla yrði gerð fyrir sameignar- og samlagsfélög, sem almennt eru skattskyld í 26% skatthlutfalli.

Tilgangurinn með slíkum aðgerðum væri að laða til landsins félög sem hafa háar skattskyldar tekjur, auk þess sem aukinn hvati væri hjá íslenskum félögum til að staðsetja hagnaðareiningar samstæðna sinna hér á landi. Þannig væru allar líkur á því að stíglækkandi tekjuskattur fyrirtækja myndi auka heildarskatttekjur í landinu, enda hefur sú orðið raunin við lækkun á fyrirtækjasköttum hérlendis.

Skattabreytingar af framangreindu tagi myndu auka verulega samkeppnishæfni fyrirtækja landsins. Þá er þessi breyting til þess fallin að gera það eftirsóknarvert að koma upp höfuðstöðvum stórra alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi og viðhalda þeim sem fyrir eru.

Stíglækkandi tekjuskattur sem þessi næði til allra íslenskra fyrirtækja, hvernig sem starfsemi þeirra væri háttáð og hvaðan sem tekna væri aflað. Því er ekki hætt á að hún bryti gegn ríkisstyrkjaákvæði EES, enda yrðu mörk lægra þrepsins ekki of há og í raun nokkur fjöldi fyrirtækja sem nyti hins lægra þreps. Ef lægra þrepið væri til dæmis 10% og miðaðist við 15 milljónir króna yrði það nokkuð almennt að íslensk fyrirtæki nytu hins lægra skattþreps í einhverjum mæli. Á sama tíma er þróskuldurinn þó það há að þessi tilhögun ætti ekki að hafa umtalsverð áhrif á skattlagningu þeirra einstaklinga sem hugsanlega geta stofnað einkahlutafélag um rekstur sinn. Hugsa má þessa leið sem ákveðinn valkost við þá leið sem nefnd er í kafla VI.5 um reiknaðan frádrátt af vaxtatekjum fyrirtækja.

Mikil þróun hefur orðið á undanförunum árum í skattlagningu félaga, ekki síst í löndum innan EES svæðisins, en þar eru okkar helstu samkeppnislönd. Mörg Evrópulönd hafa sett sérstakar reglur til að afnema eða draga úr skattlagningu á fjármagnstekjur fyrirtækja, en jafnframt hefur almennt skatthlutfall þessara ríkja farið lækkandi. Er það reyndar almenn þróun hjá iðnríkjum. Sem dæmi um skatthlutföll félaga í nokkrum löndum (miðað við 1. janúar 2006) má nefna eftirfarandi (hér eru Evrópulönd sérstaklega feitletruð)<sup>42</sup>:

<b>Mön</b>	<b>0%</b> <sup>43</sup>
<b>Eistland</b>	<b>10%</b> <sup>44</sup>
<b>Kýpur</b>	<b>10%</b>
Oman	12%
<b>Írland</b>	<b>12,5% og 25%</b>
<b>Litháen</b>	<b>13% og 15%</b>
<b>Búlgaría</b>	<b>15%</b>
<b>Lettland</b>	<b>15%</b>
Ekvador	15% og 25%
Máritius	15% og 25%
<b>Rúmenía</b>	<b>16%</b>
<b>Ungverjaland</b>	<b>16%</b>
Chile	17%

<sup>42</sup> ADALHEIMILD: KPMG's Corporate Tax Rate Survey 2006 (fylgiskjal 15).

<sup>43</sup> Frá og með 1. janúar 2007 verður almennt skatthlutfall félaga á Mön 0% og skiptir þá ekki lengur máli í hvaða starfsemi fyrirtæki eru, þau eru öll undanþegin skattlagningu (áður eingöngu alþjóðleg viðskiptafélög).

<sup>44</sup> Frá og með 1. janúar 2007, en auk þessa lága skatthlutfalls verður enginn afdráttarskattur á útgreiddan hagnað. Út árið 2006 verður skatthlutfallið áfram 0%, en 23% þegar óskattlagður hagnaður er greiddur út.

Hong Kong	17,5%
<b>Ísland</b>	<b>18%</b>
<b>Pólland</b>	<b>19%</b>
<b>Slóvakía</b>	<b>19%</b>
<b>Albanía</b>	<b>20%</b>
Singapúr	20%
Sameinuðu arabísku furstadæmin	20% og 55%
<b>Sviss</b>	<b>21,3%</b>
<b>Grikkland</b>	<b>22% og 29%</b>
<b>Finnland</b>	<b>23%</b>
<b>Króatía</b>	<b>23,32%</b>
Rússland	24%
<b>Tékkland</b>	<b>24%</b>
<b>Austurríki</b>	<b>25%</b>
<b>Slóvenía</b>	<b>25%</b>
Tævan	25%
<b>Úkraína</b>	<b>25%</b>
<b>Holland</b>	<b>25,5% (5% og 10%)</b> <sup>45</sup>
Kórea	27,5%
<b>Noregur</b>	<b>28%</b>
<b>Svíþjóð</b>	<b>28%</b>
<b>Bretland</b>	<b>30%</b>
<b>Spánn</b>	<b>35%</b>
Bandaríkin	40%

Eins og fram kemur annarsstaðar í þessari skýrslu, þá þarf Ísland að keppa við lönd sem bjóða lágt skatthlutfall og eru jafnvel enn nær mörkuðum og bjóða upp á almennt lægri kostnað af starfsemi fyrirtækja. Lönd, eins og Ísland, sem eru fjarri mörkuðum og með tiltölulega dyrt vinnuafli og sérfræðipjónustu, þurfa að finna sér samkeppnislega sérstöðu á sem flestum sviðum þróaðra viðskipta, auk þess að skapa hagstætt umhverfi fyrir viðskipti – ekki síst með lágu almennu skatthlutfalli. Hér stendur Ísland reyndar einkar vel í samanburði við nágrannalönd, þar sem skattar félaga standa ekki undir nema 3-7% (8-9% samkvæmt áætlun fyrir 2006-2007) af heildartekjum ríkissjóðs, og því svigrúm til að lækka en breikka þann skattstofn og auka jafnframt tekjur í gegnum stóru skattstofnana. Áhætta af lækkun skatthlutfalls félaga, eða raunskattlagningar þeirra að öðru leyti, er því hverfandi – það skapar okkur mikla sérstöðu og einstakt tækifæri til að ná árangri á þessu sviði til framtíðar.

Mörg ríki beita þeirri aðferð að skattleggja félög í mismunandi skattþrepum eftir upphæð tekna. Sum beita „progressive tax rates” þar sem skatthlutfallið fer hækkandi miðað við hærri skattskyldar tekjur. Einnig þekkist svokallaður „sliding scale mechanism”, þar sem skatthlutfallið fer lækkandi miðað við hærri skattskyldar tekjur. Flest okkar nágrannalönd notast annað hvort við flata skattprósentu eða „progressive tax rate”, enda eru þau yfirleitt verulega háð skattlagningu félaga í tekjustofnum sínum. Með því að beita umræddri útfærslu á lækkun félagaskatta („sliding scale mechanism”) á Íslandi er tekið tillit til skuldbindinga Íslands skv. alþjóðasamningum (EES og

<sup>45</sup> Frá og með 1. janúar 2007, en þá verða einnig settar sérstakar reglur sem leiða til þess að vextir skattleggjast í 5% og þóknatekjur í 10%.

OECD) og ekki síst til heildaráhrifa slíkra skattabreytinga innan lands. Jafnframt er horft til þess að þetta hafi lágmarksáhrif á gerð tvísköttunarsamninga og svokallaðar CFC-reglur<sup>46</sup> í nágrannaríkjum. Stiglækkandi tekjuskattur félaga ætti að koma í veg fyrir frekara ójafnvægi í skattlagningu á vinnumarkaði, sbr. þjóðfélagslega umræðu um skattlagningu sérfræðinga, verkataka og fleiri einyrkja sem eiga þess frekar kost að starfa í félögum en í eigin nafni. Ýmsar áhugaverðar leiðir hafa verið athugaðar með aðstoð erlendra sérfræðinga til að auka samkeppnishæfni Íslands með breytingum á skattalögum að teknu tilliti til aðstæðna á Íslandi og alþjóðlegra skuldbindinga landsins, og þykir sú hugmynd sem hér er reifuð mjög vænleg til árangurs, enda sé þess gætt að reglan sé almenn. Lægra þrepið miðast við að verulegur fjöldi fyrirtækja njóti þess. Sé þessa gætt er afar ólíklegt að Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) geti fundið að þessari útfærslu enda verði breytingin gerð með þessum almenna hætti og viðmiðun lægra skattþreps látin ná til alls skattskylds hagnaðar umfram 15 milljónir króna (eða þar um bil).

Rétt er að geta þess að raunskattbyrði er stjórnað með margvíslegum hætti í hverju landi. Sem dæmi má taka eftirfarandi.

- Í **Belgíu** er almennt skatthlutfall 30,33%. Það er þremur prósentum lægra ef meira en helmingur félagsins er í eigu einstaklinga. Þá mun Belgía, frá og með 1. janúar 2007, veita reiknaðan skattalegan frádrátt fyrir inngreitt hlutfé (rétt eins og um tiltekna tegund af láni væri að ræða), en þetta er talið lækka raunskattlagningu félaga í Belgíu um hátt í 30%.
- Í **Frakklandi** er almennt skatthlutfall 33,33%, en félög sem eru með i) yfir 7,6 milljónir Evra í tekjur, og ii) með 75% eða meira eignarhald hjá einstaklingum (eða félögum sem uppfylla sömu skilyrði), eru eingöngu skattskyld í 15% skattþrepi á skattskyldar tekjur upp að 38.120 Evrum en skv. almenna skatthlutfallinu á tekjur þar um fram.
- Í **Kanada** er almennt skatthlutfall félaga á bilinu 32% - 39,1%, auk sérstakra skattlutfalla á bilinu 14,6% - 21,6% fyrir „Canadian Controlled Private Corporations“ (eða „CCPC“) sem miðast við tilteknar tekjur á skattárinu. Kynntar hafa verið umtalsverðar lækkanir á þessum skattlutföllum á næstu árum.
- Í **Kína** stendur til að lækka skattlagningu á „foreign investment enterprises“ (eða „FIE“) niður í 15% í tilteknum héruðum.
- Í **Eistlandi** er enginn skattur lagður á fyrirtæki fyrr en við útgreiðslu arðs og sambærilegra greiðslna, en því verður breytt frá og með 1. janúar 2007, þannig að skatthlutfall félaga verður 10% og enginn skattlagning á útgreiddan arð.
- Í **Japan** gilda mismunandi skattlutföll eftir upphæð skattskyldra tekna fyrirtækja.
- Í **Ungverjalandi** er almennt skatthlutfall 16%, en þar njóta félög sem hafa vaxta- og þóknunatekjur lágrar raunskattlagningar á þær tekjur enda geta félögin fært á móti skattskyldum vaxta- og þóknunatekjum sem samsvarar 50% reiknaðs skattafrádráttar af þeim tekjum, en það jafngildir 8% raunskattlagningu þeirra tekna í Ungverjalandi.
- Í **Bretlandi** og á **Spáni** gilda mörg mismunandi skattlutföll eftir félagaformi og starfsemi (allt frá 10%), svo og „progressive“ skattþrep innan almenna skattlutfallsins (frá 30% til 35%).

Ef umræddri hugmynd yrði hrint í framkvæmd þá væri Ísland komið með virt skatthlutfall á félög sem gæti verið með því lægsta á EES svæðinu, eða á bilinu 10-18%, þannig að öll hlutfélög borga 18% skatt af fyrstu 15 milljónum króna skattskylds hagnaðar og öll hlutfélög greiða 10% skatt á skattskyldan hagnað sem er umfram 15 milljónir. Með þessari aðferð er verið að nýta þann sveigjanleika sem Ísland hefur í skattlagningu félaga, en, eins og áður segir, stendur sá skattstofn fyrir um það bil 7% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 2005 (8-9% samkvæmt áætlun fyrir 2006-2007; almennt á bilinu 20-40% í nágrannaríkjum okkar). Reynslan sýnir að lækkan skattlutfalls er í það minnsta bætt upp með breiðari skattstofni fleiri og stærri fyrirtækja. Áhrif afleiddra skatta frá starfsmönnum, ráðgjöfum o.s.frv. leiða jafnframt til stækkunar skattstofna þeim tengdum.

<sup>46</sup> CFC er skammstöfun fyrir hugtakið „Controlled Foreign Company“, en í löggjöfum nokkurra ríkja kveða skattareglur á um að líta beri á tekjur slíkra erlendra félaga sem tekjur innlendra eigenda þeirra um leið og þær verða til í CFC félaginu (gagnsæ eining í skattalegu tilliti).

Stiglækkandi tekjuskattur er jafnframt talinn hafa hvetjandi áhrif á framtal hagnaðar í viðkomandi lögsögu. Þá væri tillagan tiltölulega auðveld í útfærslu og ætti ekki að leiða til flóknari skattframkvæmdar svo nokkru nemi.

## VI. 2. Alþjóðleg lífeyrismiðstöð

Í þessari hugmynd er gert ráð fyrir að settir yrðu á lagginnar alþjóðlegir lífeyrissjóðir sem uppfylli íslensk lög og reglur en jafnframt Evróputilskipunina í lífeyrismálum sem væntanlega verður innleidd fljótlega á Íslandi. Einnig hefur nefndin rætt þá hugmynd hvort rétt sé að afnema takmarkaða skattlagningu á greiðslum úr alþjóðlegum lífeyrissjóðum hér á landi.

Aðalatriði þessarar hugmynda er að nýta þá athygli sem íslenska lífeyrissjóðakerfið vekur á alþjóðavettvangi vegna sjóðasöfnunar og samspils samtryggingar og séreignar í sjóðunum. Það er talið nýta helstu kosti þekktra kerfa. Í þessu sambandi má nefna að Frjálsi lífeyrissjóðurinn var kosinn besti evrópski lífeyrissjóðurinn í flokknum „uppbygging lífeyrissjóða“ árið 2005 í keppni á vegum IPE (Investment Pension Europe). Rök hafa verið færð fyrir því að hægt sé að markaðssetja íslenska lífeyrissjóðakerfið erlendis og koma til móts við áhuga stjórnenda alþjóðafyrirtækja um fjölbjóðlega lífeyrissjóði sem starfi innan lagaramma ESB.

Með því að innleiða evrópsku lífeyristilskipunina opnast gríðarstór markaður í Evrópu, en starfandi einstaklingar innan ESB eru rúmlega 200 milljónir.

Þá má benda á að félögum í eigu Íslendinga í Evrópu hefur fjölgað verulega á undanfórnum árum og sem dæmi má nefna að hjá félögum tengdum íslenskum framrásarfyrirtækjum starfa yfir 90 þúsund starfsmenn eða sem nemur rúmlega 50% af starfandi einstaklingum á Íslandi. Því má segja að það eitt og sér sé mikið sóknarfæri fyrir íslenska lífeyrissjóði að geta boðið félögum í eigu Íslendinga upp á að reka fyrir þá starfstengda lífeyrissjóði.

Til þess að koma slíkri markaðssetningu við þyrfti að fara yfir íslensku lífeyris- og skattalöggjöfina og samræma hana evrópsku lífeyristilskipuninni, enda er afar nauðsynlegt að öll lagaumgjörð í tengslum við neytendavernd og skattareglur sé ásættanleg. (Sjá fylgiskjal 6).

Í þessu sambandi er talið nauðsynlegt að búa svo um hnúta að reglur um binditíma séu sveigjanlegar gagnvart erlendum starfsmönnum. Á alþjóðlegum markaði þyrftu sjóðirnir að keppa við þróað regluverk á þessu sviði í lögsögum eins og Bretlandi, Írlandi og Lúxemborg. Greiðslur úr íslenskum lífeyrissjóðum til erlendra skattþegna þyrftu því m.a. að vera án takmarkaðrar skattlagningar.

Ýmsar leiðir hafa verið athugaðar í þessum efnunum. Meðal annars hvort tilefni gæti verið til að breyta skilgreiningu á lífeyrisgreiðslum þannig að þær teldust til vaxtatekna. Með þeim hætti myndi skatthlutfall almennt lækka þar sem innlendir aðilar myndu greiða 10% fjármagnstekjuskatt en erlendir aðilar engan. Þá hefur verið athugað hvort hægt sé að miða undanþágu frá skattgreiðslum við lífeyrisgreiðslur úr alþjóðlegum lífeyrissjóðum til erlendra aðila eingöngu. Þykir það nokkuð þröng nálgun.

Það virðist því liggja beinna við að ganga út frá því að greiðslur úr lífeyrissjóðum væru almennt ekki skattlagðar þegar þær yrðu greiddar til aðila með erlenda heimilisfesti (lífeyrisgreiðslur yrðu almennt ekki lengur látnar sæta takmarkaðri skattlagningu hér á landi). Þessi regla yrði almenn að því leyti að hún næði til allra lífeyrisgreiðslna sem aðilar með erlenda heimilisfesti kynnu að fá frá íslenskum lífeyrissjóði, hvort sem hann væri alþjóðlegur eða ekki. Þetta breytti þó ekki skattskyldu innlendra aðila. Þessi hugmynd er í samræmi við ákvæði einstakra tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert.

### VI. 3. Alþjóðlegir sjálfseignarsjóðir („trusts“)

Sjálfseignarsjóður er lögaðili sem er aðskilinn frá stofnendum og stofnaður með einu eða fleiri fjárfraðlögum sem mynda óháða og sjálfstæða eign í ákveðnum tilgangi. Sjálfseignarsjóður er því lögaðili án eiganda. Sjálfseignarsjóðir eru notaðir erlendis í margvíslegum tilgangi og gjarnan í tengslum við einkabankþjónustu (Private Banking). Með skýrri og einfaltri löggjöf um sjálfseignarsjóði geta fjármálafyrirtæki í einkabankþjónustu boðið viðskiptavinum upp á heildstæða og markvissa þjónustu í tengslum við ráðstöfun fjármagns og eigna.

Kjarni þessa máls er að eigendur fjármagns geta haft margvíslegar ástæður fyrir því að vilja koma eignum sínum fyrir hjá sjálfstæðum lögaðila. Sem dæmi má nefna ráðstöfun eigna í tengslum við arfleiddslu og stofnun náms- eða styrktarsjóða. Það má því búast við því að ef skýrt regluverk slíkra sjóða yrði lögleitt hér á landi, þar sem gætt væri yfstrustu reglna um peningabætti, myndi það geta leað að fjárfesta víðs vegar að úr heiminum. Fjármagnseigendur gætu þannig í tengslum við eignastýringu ráðstafað eignum sínum til slíks lögaðila á Íslandi í ákveðnum tilgangi sem getur verið breytilegur eftir þörfum hvers og eins fjárfestis.

Samtals námu eignir í stýringu í einkabankþjónustu á Íslandi 257 milljörðum kr. á miðju ári 2006, en þá er einungis horft til einstaklinga. Ekki er óraunhæft að áætla að með löggjöf um sjálfseignarsjóði gæti þessi fjárhæð allt að tífaldast á þremur árum, og næmi þá 2570 milljörðum króna. Þar væri að langmestu leyti um erlenda aðila að ræða sem kysu Ísland fram yfir önnur ríki, sökum gagnsæis hérlendrar lagasetningar og góðrar ímyndar Íslands. Fyrst og fremst eru það einstaklingar sem nýta sér slíka þjónustu, en ef eitthvað yrði um að fagfjárfestar nýttu sér hana hækkar talan enn frekar. Erfitt getur verið að áætla tekjur af þjónustunni (sem yrðu væntanlega meðal annars í formi umsýslu- og miðlunartekna), en auk þess kæmu tekjur af annarri umsýslu fyrir sjóðsfélaga. Ekki er óvarlegt að ætla að bein tekjuaukning íslensks efnahagslífs af ofangreindri heildarfjárhæð gæti numið í kringum 100 milljörðum króna.

Sjálfseignarsjóðir eru frábrugðnar fjárfestingar- og verðbréfasjóðum að ýmsu leyti. Fjárfestingar- og verðbréfasjóðir eru sjóðir utan um sameiginlega fjárfestingu margra aðila, sem eiga þar af leiðandi kröfu á sjóðinn og í raun einhverskonar hlutdeild í honum. Grundvallarskipulag sjálfseignarsjóða er hins vegar allt annað. Slíkir sjóðir eru án eigenda og þar af leiðandi er ekki um hlutdeild að ræða né heldur beina kröfu vegna framlags í sjóðinn. Aftur á móti þá geta samþykktir þessara sjóða kveðið á um ákveðna réttihafa sem fá að njóta góðs af eignum þeirra í samræmi við tilgang.

Einnig má benda á það að umræddir sjóðir eru stofnaðir í persónulegum tilgangi fyrir (yfirleitt) ákveðna einstaklinga en ekki til þess að leða að fjárfesta líkt og þegar um fjárfestingar- og verðbréfasjóði er að ræða. Lögaðilinn sem stofnaður er í formi sjálfseignarsjóðs er því mun minni í sniðum heldur en tilfellid er með fjárfestingar- og verðbréfasjóði og umsvif engin þar sem umræddum sjóðum er óheimilt að stunda atvinnurekstur.

Stofnframlag yrði ekki skattlagt hjá sjálfseignarsjóði frekar en almennt gerist um eiginfjárfraðlög. Sama á við um viðbótarframlög síðar.

Komi þessi hugmynd til framkvæmda þá þyrfti að hnykkja á því í tekjuskattslögum að tekjur sjóðanna verði ekki skattlagðar hjá umræddum sjóðum, en að greiðslur til réttihafa yrðu skilgreindar sem vaxtatekjur. Þar með myndu innlendir aðilar greiða 10% skatt en erlendir aðilar engan.

Nauðsynlegt er að reglusetning um sjálfseignarsjóði hafi að geyma reglur sem koma í veg fyrir að sjóðurinn verði notaður með sviksamlegum hætti eins og þeim að koma undan eignum, t.d. vegna yfirvofandi gjaldþrots.

### VI. 4. Sjálfstæðir sjóðir í nýju formi

Í þessari hugmynd er við það miðað að verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum verði gert kleift að starfa undir sérstökum einkahlutafélögum í eigu rekstrarfélags fjármálastofnunar. Þetta verði heimild, en ekki skylda. Gert er ráð fyrir að heimildin verði einkum nýtt fyrir fagfjárfestasjóði.


Meginmálið hér er að með þessu breytta fyrirkomulagi yrði rekstrarform sjóðanna einfaldað og búið væri að ná fram því besta úr báðum formum sjóða, þ.e. skattahagræði sjóða sem gefa út hlutdeildarskírteini annars vegar og þekktu lagaformi hlutafélaga um hvern sjóð hins vegar. Sjóðir sem reknir eru í hlutafélagiformi í nágrannalöndum, njóta einnig betri verndar samkvæmt tvísköttunarsamningum. Rekstrarformið yrði þá vel þekkt og alþjóðlegt, það takmarkar áhættu án þess að skattalegu hagræði sé fórnad.

Samkvæmt núgildandi reglum eru sjóðirnir sjálfir ekki lögaðilar, heldur samningsbundnar einingar, sem í raun tilheyra rekstrarfélagi fjármálafyrirtækis. Slíkt rekstrarfélag fjármálastofnunar rekur jafnframt aðra slíka sjóði. Við rekstur sjóðanna hafa komið upp flókin álitamál um ábyrgðir, aðild og hæfi sjóðanna annars vegar og rekstrarfélaganna hins vegar. Sem dæmi má nefna að ef verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður gefur út skuldabréf, án þess að tilgreina nákvæmlega að eignir sjóðsins séu bréfunum eingöngu til ábyrgðar, en ekki aðrar eignir rekstrarfélagsins (og þá eftir atvikum aðrir sjóðir), þá getur skapast umtalsverð áhætta fyrir lánastofnun og fjárfesta annarra sjóða. Áhætta og óvissa tengd núverandi formi er því dragbitur á notkunargildi sjóðanna. Umrædd óvissa eykur áhættu fjármálastofnana, fjárfesta (hlutdeildarskírteinishafa) og annarra sem fjármagna sjóðina, t.d. innlendra og erlendra lánastofnana. Það er því brýnt að einfalda þetta sjóðaform og haga málum þannig að starfsemi sé gagnsæ og auðskiljanleg fyrir fjárfesta og eftirlitsaðila.

Hér má hugsa sér að rekstrarfélögum verði heimilað að stofna einkahlutafélög um rekstur einstakra sjóða, sem eingöngu hafa heimild samkvæmt tilgangi sínum til að starfrækja einn verðbréfa- eða fjárfestingarsjóð sem fjármagnar sig með útgáfu hlutdeildarskírteina. Þetta yrði minniháttar breyting, þar sem sjóðirnir byggðust áfram á samningsbundnu formi, en hver sjóður tilheyrði eftir breytingu sérstöku einkahlutafélagi en ekki hinu sameiginlega leyfisskylda rekstrarfélagi. Þannig væri rekstrarfélaginu kleift að reka sjóðina með þessum hætti í formi einkahlutafélags og skilja greinilega á milli rekstrarfélagsins sjálf og hvers sjóðs og milli einstakra sjóða. Áhætta hvers sjóðs er því eingöngu bundin rekstri hvers einkahlutafélags nema sérstök ábyrgð annars aðila komi til. Sjóðurinn verður áfram samningsbundin eining, en innan eins lögaðila (einkahlutafélagsins), sem hefur enga aðra starfsemi með höndum og ætti engar aðrar eignir, og því kemur einkahlutafélagið fram sem lögaðili sjóðsins gagnvart lánardrottnum og fjárfestum. Þannig mun hver sjóður í raun starfa í félagiformi sem er þekkt um allan heim. Gert er ráð fyrir því að hvert einkahlutafélag, sem stofnað yrði í þeim tilgangi að starfa sem verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður, þyrfti að takmarka tilgang sinn í samþykktum við það að starfrækja tiltekinn sjóð sem fjármagnar sig með útgáfu hlutdeildarskírteina. Jafnframt yrði rekstrarfélögum veitt heimild til að reka verðbréfa- og fjárfestingarsjóði í umræddum einkahlutafélögum (dótturfélögum), án þess að þau dótturfélög yrðu talinn sérstök fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Að öðru leyti myndu gilda sömu reglur og nú, að breyttu breytanda, um starfsemi sjóðanna og skattlagningu þeirra. Svipaða sjóði er hægt að reka í hlutafélagiformi víða erlendis, s.s. á Írlandi, í Lúxemborg og Hollandi.

Einfölduð mynd af samsetningu rekstarforma skv. núgildandi lögum:

#### Einn lögaðili



Hugmyndin snýst um það að skilgreina lögaðila utan um hvern einstakan sjóð, þannig að áhætta hvers sjóðs sé ekki byggð á ýmsum samningsskuldbindingum, heldur þannig að erlendir og innlendir fagfjárfestar hafi skýra sýn og skilning á lögaðild og þar með rekstarumhverfi og áhættu sjóðanna, en sjóðirnir njóti áfram hagstæðra skattareglna sjóðaformsins.

Samkvæmt núgildandi reglum eru verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir taldir óskattskyldir skv. tekjuskattslögum, enda reka þeir ekki atvinnu í skilningi skattalaga. Það leiðir jafnframt til þess að ekki er tekin af þeim staðgreiðsla af fjármagnstekjum. Þar sem sjóðirnir eru jafnframt hluti af rekstrarfélaginu, þá hafa eignir sjóðsins einnig verið gerðar upp til skatts með rekstrarfélaginu. Þar sem sjóðirnir fjármagna sig með hlutdeildarskírteinum, og tekjur af innlausn eða sölu þeirra eru taldar vaxtatekjur, þá hefur verðmættaukning sjóðanna jafnframt verið talin til frádráttarbærra vaxtaskuldbindinga rekstrarfélagsins gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum. Framangreind vaxtaskuldbinding sjóðanna gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum leiðir til þess að núverandi skattahagræði sjóðanna væri ekki fórn að með því að heimila þeim að starfa í sérstöku einkahlutafélagi. Þar sem sjóðirnir yrðu jafnframt samningsbundnar einingar, sem ekki hefðu með höndum atvinnustarfsemi, þá væru þeir áfram undanþegnir fjármagnstekjuskatti og staðgreiðslu.

#### VI. 5. Samkeppnishæf skattlagning á fjármagnstekjur félaga

Nefndin ræddi hugmyndir þess efnis að reglur um skattlagningu fjármagnstekna félaga verði gerðar samkeppnishæfar til að mæta erlendri samkeppni og örva alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi. Til að mynda væri hugsanlegt að veita allt að 90% frádrátt á móti vaxtatekjum og lagfæra reglur um staðgreiðslu og afdráttarskatta á greiðslum milli landa.

Eignastýringu fylgja fjármagnstekjur fyrir félög og einstaklinga. Skattlagning á fjármagnstekjur einstaklinga er í nokkuð góðu horfi og ágætlega samkeppnishæf, en ræða má hvort rétt sé að jafna samkeppnisstöðu íslenskra félaga gagnvart félögum í nágrannalöndum varðandi skattlagningu fjármagnstekna félaganna. Vísað er í samanburðartöflur í III. kafla um skattlagningu þessara tekna á Íslandi og í 7 nágrannalöndum.

#### Vaxtatekjur

Veita mætti skattskyldum félögum heimild til að reikna sér skattalegan frádrátt vegna vaxtatekna sem samsvarar allt að 90% frádrætti á móti slíkum tekjum. Þessi regla yrði almenn, gilti fyrir öll íslensk fyrirtæki, óháð starfsemi þeirra, og frádrátturinn yrði ekki takmarkaður innan lands. Þessar reglur myndu því tvímælaaust standast ríkisstyrkjaákvæði ESB. Með þessu móti væri komið á einstökum aðstæðum fyrir hvers kyns eignastýringu vaxtaberandi fjárfestinga á Íslandi.

Þess má geta að Hollendingar hafa nýlega kynnt reglur sem eiga að taka gildi 1. janúar 2007, þar sem heimilaður verður 80% frádráttur á móti vaxtatekjum (og 60% frádráttur á móti

þóknatekjum), en frádrátturinn mun í reynd eingöngu virka gagnvart vaxta- og þóknatekjum frá erlendum samstæðufélögum, þ.e. ekki frá innlendum samstæðufélögum og ekki frá erlendum eða innlendum aðilum utan samstæðu. Það er því talið líklegt að hollensku reglurnar verði að óbreyttu taldar brot á ríkisstyrkjaákvæði ESB.

Þá má nefna að Ungverjar veita nú þegar 50% frádrátt vegna þessara tekna og þar í landi er skattbyrðin því ekki nema um 8% af þessum fjármagnstekjum.

Þá veita lönd eins og Sviss, Lúxemborg og Írland ýmsar ívilnanir varðandi skattalega meðferð vaxtatekna.<sup>47</sup>

Hugmyndir á borð við þær sem reifaðar eru í þessum kafla geta skipt miklu máli um framþróun og kynningu á alþjóðlegri fjármálastarfsemi hér á landi.<sup>48</sup> Þá er óþarfi að haga málum þannig að af samkeppnisástæðum sé íslenskum félögum betur borgið að stofna dótturfélög eða útibú í erlendum ríkjum til að fara með fjármálastarfsemi samstæðu sinnar. Miklu nær er að hafa reglurnar þannig að félögum sé betur borgið með því að sinna þessum málum á Íslandi. Þannig ætti markmiðið að vera að stærsti hluti slíkrar fjármálastarfsemi snúi aftur til Íslands. Þessi hugmynd um reiknaðan vaxtafrádrátt myndi bjóða upp á einstaka aðstöðu fyrir fyrirtæki í alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Hugmyndin er sú að reglurnar verði það rúmar og almennar að hagnaður íslenskra fyrirtækja ætti að greiðast til móðurfélaga innan Evrópusambandsins án frekari skattlagningar þar, enda myndi annað brjóta gegn fjórfrelsisákvæðum skv. dómaframkvæmd. Búast má við að erlendar fjármálastofnanir, sérstaklega evrópskar, muni stóruka vaxtaberandi starfsemi hér á landi ef þessar hugmyndir verða að veruleika.

Þá er vert að huga að því hvort rétt sé að veita íslenskum fyrirtækjum, sem eiga skráð hugverkaréttindi, s.s. einkaleyfi og vörumerki, með sama hætti reiknaðan frádrátt á móti tekjum, líkt og Hollendingar hafa boðað.

Hugsa má þessa leið sem ákveðinn valkost við þá leið sem nefnd er í kafla VI.1 um stíglækkandi tekjuskatt fyrirtækja.

#### Arður

Samkvæmt núgildandi reglum er veittur fullur frádráttur vegna arðs af innlendum hlutabréfum, en einnig er veittur fullur frádráttur á móti arðstekjum af erlendum hlutabréfum ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Komið hefur fram gagnrýni um að þessi skilyrði þyki nokkuð óljós og að huga verði að því hvort mismunandi reglur standist EES samninginn. Samkvæmt hugmyndum sem ræddar voru í nefndinni myndi fullur frádráttur ná til þess þegar um væri að ræða arð frá félögum innan EES eða landa með tvísköttunarsamning við Ísland. Arður af öðrum erlendum hlutabréfum yrði eingöngu frádráttarbær að uppfylltum lágmarksskilyrðum sem í gildi eru skv. núgildandi lögum, sem felast m.a. í því að skatthlutfall hins erlenda félags, sem fjárfest er í, má eigi vera lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD.

#### Söluhagnaður

Sú hugmynd var rædd í nefndinni að fella niður skattskyldu á söluhagnað hlutabréfa í eigu íslenskra félaga, þannig að slíkur hagnaður yrði að fullu frádráttarbær líkt og arðstekjur. Þessar reglur tækju jafnframt til afleiðusamninga vegna hlutabréfa og verðbréfalána vegna þeirra. Þau hlutabréf sem féllu undir þennan frádrátt væru innlend hlutabréf og erlend, ef hið erlenda félag er

<sup>47</sup> Til dæmis hafa mörg íslensk félög, sem stofna dótturfélög eða útibú í þessum löndum, fengið bændandi álit skattfirvalda þar í landi, þar sem fallist er á reiknaðan frádrátt á móti vaxta- og þóknatekjum, þó ekki sé endilega bein lagaheimild fyrir slíki niðurstöðu. Raunskattlagning tekna er þá á bilinu 1,5-3,5%. Umræddar hugmyndir eru því ekki róttækar í alþjóðlegum samanburði, heldur fyrst og fremst skýrar, gangsaðar og almennar.

<sup>48</sup> Þar sem jafnframt er reifuð sú hugmynd að hér á landi verði tekinn upp stíglækkandi tekjuskattur, þá er sú hugmynd ekki rædd hér að reikna frádrátt á móti þóknatekjum, líkt og gert er í Hollandi og Ungverjalandi.

innan EES eða lands sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við. Gert er ráð fyrir því að félög gætu með óbreyttum hætti áfram valið að fresta skattlagningu vegna söluhagnaðar hlutabréfa í öðrum félögum, sem ekki uppfylla skilyrði laga um fullan frádrátt á móti skattskyldum tekjum.

### Staðgreiðsla

Æskilegt er að staðgreiðsla verði ekki tekin í þeim tilvikum þegar undirliggjandi skattskylda er ekki fyrir hendi. Þetta getur átt við um vaxtagreiðslur til erlendra aðila, sem ekki eru skattskyldir hér á landi af slíkum tekjum, svo og um arðgreiðslur skattskylds íslensks félags frá öðru skattskyldu íslensku félagi sem eru að fullu frádráttarbærar tekjur og sæta því ekki skattlagningu. Eins og staðan er nú er greidd staðgreiðsla af arðgreiðslunni til ríkissjóðs, sem síðan endurgreiðir fjárhæðina að ári án vaxta. Huga þarf að því að uppfæra og aðlaga staðgreiðslulög og gera á þeim nauðsynlegar breytingar. Taka mætti skýrar fram að staðgreiðsla skatta tæki eingöngu til skattskyldra tekna skv. tekjuskattslögum, enda verði það á ábyrgð hins staðgreiðsluskylda að skilgreina hvort um undirliggjandi skattskyldu sé að ræða og taka rétta staðgreiðslu samkvæmt því. Hinn staðgreiðsluskyldi aðili beri því ábyrgð á því að hafa fullnægjandi upplýsingar og gögn til að ákvarða rétta staðgreiðslu. Sé þannig t.d. ljóst að viðtakandi arðgreiðslu er erlent félag, sem nýtur verndar tvísköttunarsamnings sem undanþiggur slíkar greiðslur afdráttarskatti á Íslandi, þá getur staðgreiðsluskyldur greiðandi tekið á sína ábyrgð ákvörðun, byggð á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum, um að taka ekki staðgreiðslu af slíkum greiðslum. Sama getur átt við um vaxtagreiðslur til erlendra aðila sem ekki eru skattskyldar hér á landi, eða að ómögulegt sé fyrir greiðanda að afla upplýsinga um alla hugsanlega viðtakendur slíkra greiðslna ef um safngreiðslur er að ræða. Það getur t.d. átt við þegar greitt er af skuldabréfum á erlendum mörkuðum. Núverandi framkvæmd ríkisskattstjóra er þannig að tekin er staðgreiðsla af öllum staðgreiðsluskyldum greiðslum, óháð skattskyldu, og síðan geta aðilar, eftir atvikum, sótt um endurgreiðslu, sem getur tekið allt upp í ár að leiðrétta með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn. Þessi framkvæmd hefur m.a. leitt til þess að staðgreiðslulög valda alvarlegum vandkvæðum við fjármögnun íslenskra fjármálastofnana. Samhliða ofangreindum hugmyndum er rétt að hafa í huga að lögð sé rík skylda á staðgreiðsluskylda greiðendur að ákvarða staðgreiðslu rétt, ella geti viðkomandi sætt því að greiða álag, dráttarvexti og sektir.

### VI. 6. Takmörkuð skattskylda erlendra aðila hér á landi.

Ræddar voru hugmyndir um breytingar á einstaka ákvæðum tekjuskattslaga, sem fælu í sér takmörkun á skattlagningu á arði og afnám takmarkaðrar skattlagningar erlendra aðila hér á landi vegna tekna í formi þóknana og söluhagnaðar hlutabréfa.

Erlendir aðilar, sem hafa skilgreindar tekjur hér á landi, sæta takmarkaðri skattlagningu á Íslandi. Þetta getur m.a. átt við skattlagningu á söluhagnað hlutabréfa og afdráttarskatt vegna arðgreiðslna og þóknanatekna. Þessi skattlagning hefur verið afnumin eða takmörkuð að verulegu leyti í mörgum nágrannalöndum og hafa dómstólar í Evrópu ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að slíkir skattstofnar fari í bága við fjórfrelsið. Auk þess hafa þessir skattstofnar skipt litlu máli fyrir ríkissjóð hér á landi.<sup>49</sup> Skatthlutfall þessara tekna hér á landi er á bilinu 15-18% (sem kemur þá til viðbótar þeirri skattlagningu sem t.d. á sér stað í því félagi sem arður er greiddur úr eða söluhagnaður stafar frá) og kemur Ísland illa út í samanburði við önnur lönd, sbr. samanburðartöflur í III. kafla. Reglurnar hér á landi þurfa að vera samkeppnishæfar við það sem best gerist í nágrannalöndum um leið og lágmarkið eru þau áhrif sem breyttar reglur gætu haft á gerð tvísköttunarsamninga. Eftirfarandi hugmyndir voru reifaðar í starfi nefndarinnar:

- *Afdráttarskattur af arði til erlendra félaga verði áfram 15%, en þó verði fallið frá skattlagningu á arðgreiðslum til skattskyldra félaga sem hafa búsetu í landi innan EES eða í landi sem gert hefur við okkur tvísköttunarsamning (svipað og gert er á Írlandi, í Noregi og Svíþjóð);*

<sup>49</sup> Ekki liggja fyrir tölur um innheimta skatta af söluhagnaði, arði eða þóknunum erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi.

- *Takmörkuð skattskylda söluhagnaðar erlendra aðila af hlutabréfum í íslenskum fyrirtækjum verði felld niður (almennt svo í nágrannalöndum), og;*
- *Takmörkuð skattskylda erlendra aðila vegna tekna hér á landi í formi þóknana („royalties“) verði felld niður (gildir víða í Evrópu, m.a. í Hollandi).*

Rætt var um það að samkeppnishindrun fælist í skattlagningu fjármagnstekna milli landa, þegar erlendir aðilar fá tekjur sem eru upprunar á Íslandi en eru ekki með eiginlega atvinnustarfsemi hér. Vísað er í samanburðartöflur sem birtast í III. kafla í þessari skýrslu, en hluti þeirra birtist í undirköflum hér á eftir.

A. Varðandi breytingu á afdráttarskatti af arði til erlendra félaga þá varðar sú hugmynd ekki síst beinar samningsskuldbindingar landsins skv. EES samningnum og gætum við farið svipaða leið og Noregur gerði eftir að hafa fengið á sig dóm frá EFTA dómstólum (Fokus Bank). Færa má fyrir því gild rök að afnema alveg takmarkaða skattskyldu á arðgreiðslum, en til að mæta sjónarmiðum um hugsanlegar afleiðingar slíks á gerð tvísköttunarsamninga, gæti sú hugmynd verið heppilegri að Ísland félli eingöngu frá skattinum ef félag, sem er í EES landi eða landi sem gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við, fær arð af hlutum eða hlutabréfum sínum í íslensku félagi. Svipaðar reglur hafa verið settar á Írlandi, í Svíþjóð og Noregi. Ekki væri æskilegt að setja frekari takmarkandi (og flóknari) reglur fyrir undanþágunni, s.s. um stærð eignarhluta o.s.frv. Miðað við þessar hugmyndir yrði óbreyttur 10% afdráttarskattur á erlenda einstaklinga (rétt eins og á við um innlenda einstaklinga).

Væntanlega myndi þetta hafa lítil sem engin áhrif á skatttekjur ríkissjóðs, enda er stofninn lítill. Þá er álitamál hvort erlend félög í EES eigi nú þegar rétt á undanþágu eða endurgreiðslu afdráttarskatts, líkt og íslensk félög, í ljósi EES samningsins (Fokus Bank málið). Þessi regla myndi virka hvetjandi á fjárfestingar í íslenskum félögum og við stofnun eignarhalds- og fjármögnunarfélaga á Íslandi. Það ætti að leiða af sér auknar skatttekjur frá öðrum skattstofnum, s.s. virðisaukaskatti og sköttum af launatekjum.

Sjá nánari samanburð á takmarkaðri skattlagningu arðgreiðslna til félaga:

	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Holland	Ungverjal.	Írland	Lúx.	Sviss
Arður	15	0 <sup>50</sup>	0 <sup>51</sup>	0 <sup>52</sup>	0	0 <sup>53</sup>	0 <sup>54</sup>	0/35 <sup>55</sup>

B. Fella mætti niður takmarkaða skattskyldu söluhagnaðar erlendra aðila af sölu eignahluta í íslenskum félögum, enda er hún fátíð í löndunum í kringum okkur og umtalsverð hindrun fyrir fjárfestingar í íslenskum félögum. Vegna þessa geta einnig komið upp veruleg vandræði og óvissa vegna lagaákvæða um staðgreiðslu þessa skatts – sér í lagi vegna óvissu um réttan stofn til greiðslu skattsins (slíkur afdráttarskattur staðgreiðslu á ekki við um söluhagnað innlendra aðila með svipuðum rökum, sbr. ummæli í greinargerð með lögum um fjármagnstekjuskatt).

Þetta myndi auka til muna skilvirkni íslensks hlutabréfamarkaðar og umsýslu slíkra fjárfestinga. Sjá nánar eftirfarandi samanburð um takmarkaða skattlagningu söluhagnaðar:

<sup>50</sup> Enginn skattur er lagður á arðgreiðslu ef móttakandi er innan EES, hærra hlutfall getur átt við í öðrum tilfellum.

<sup>51</sup> Enginn skattur er lagður á arðgreiðslu ef móttakandi er innan ESB, hærra hlutfall á við í öðrum tilfellum, þ.e. 30% eða lægra hlutfall samkvæmt tvísköttunarsamningi.

<sup>52</sup> Enginn skattur er lagður á arðgreiðslu ef móttakandi er innan ESB og ákveðnum þröskuldum er náð, í öðrum tilvikum verður lagður á 15% afdráttarskattur frá 1. janúar 2007 eða lægra hlutfall samkvæmt tvísköttunarsamningnum – sem yfirleitt er 0% í samræmi við samningsfyrirmynd Hollands.

<sup>53</sup> 20% afdráttarskattur getur átt við þegar greitt er til landa utan ESB eða landa sem ekki hafa gert tvísköttunarsamning við Írland, þó ekki ef þeim er stjórnað af aðilum í fyrrgreindum löndum.

<sup>54</sup> Ef greitt er til félags utan ESB og Sviss þá á við allt að 35% hlutfall eða lægra samkvæmt tvísköttunarsamningi.

<sup>55</sup> Enginn skattur er lagður á greiðslur til félaga innan ESB ef þröskuldum er náð, 35% hlutfall á annars við nema tvísköttunarsamningur kveði á um lægra hlutfall.

	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Holland	Ungverjal.	Írland	Lúx.	Sviss
Söluh.	15	0	0	0	0	0	0	0

C. Til að örva starfsemi hátæknifyrirtækja hér á landi og hvetja til stofnunar rannsóknar- og þróunarsetra erlendra aðila þá mætti afnema takmarkaða skattskyldu erlendra aðila vegna þóknana (royalties) frá innlendum aðilum. Hér er um lítinn skattstofn að ræða, sem auk þess hefur ekki verið hægt að greiða hér á landi fyrr en nýlega. Þá hefur verið óskýrt hver sé í raun skattstofn slíkra tekna (brúttó- eða nettóskattur). Líklegt er að fleiri erlendir aðilar hefðu áhuga á að veita íslenskum félögum, þ.m.t. eigin dótturfélögum, einkaleyfi eða önnur sambærileg réttindi, ef ekki væri tekinn afdráttarskattur af þessum greiðslum, enda er slík skattlagning á undanhaldi í okkar nágrannaríkjum og á sér t.d. ekki stað á milli fyrirtækja í ESB löndum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá er vert að huga að því hvort rétt sé að veita íslenskum fyrirtækjum, sem eiga skráð hugverkaréttindi, s.s. einkaleyfi og vörumerki, reiknaðan frádrátt á móti tekjum, svipað og rætt er um í kafla VI.5 um vaxtatekjur, en Hollendingar hafa nýlega kynnt fyrirhugaðar reglur í þá átt.

Þetta myndi auðvelda stærrri fyrirtækjum að stofna hér rannsóknar- og þróunarsetur í samstæðum sínum.

Þær skattareglur sem hér hefur verið rætt um að takmarka hafa þótt fela í sér ákveðna hindrun í fjárfestingum til Íslands. Neikvæð áhrif á tekjustofna ríkisins verða væntanlega óveruleg, enda hafa umræddir skattstofnar skipt litlu eða engu máli hingað til. Afnáam þessara skattstofna getur hins vegar stækkað umtalsvert aðra tekjustofna, s.s. ótakmarkaða skattskyldu einstaklinga og fyrirtækja, auk virðisaukaskatts af þjónustu við fleiri og stærrri innlend fyrirtæki.

#### VI. 7. Skattlagning erlendra sérfræðinga

Hér er gerð grein fyrir hugmynd um að laða til landsins erlenda sérfræðinga („ex-patriates“) til tímabundinna starfa m.a. með aukinni þjónustu, betri aðbúnaði og hóflegri skattlagningu.

Það mætti hugsa sér að flatt skatthlutfall slíkra sérfræðinga verði 10% fyrstu 5 árin sem þeir starfa hér og síðan bætist árlega 5% við skatthlutfallið næstu þrjú árin, en eftir það verði þeir skattlagðir eins og aðrir íslenskir skattþegnar. Þessar reglur ná aðeins til þeirra sem hlotið hafa viðurkenningu skattyfirvalda sem „aðsendir sérfræðingar“ og muni þeir þá sæta ótakmarkaðri skattlagningu hér á landi á allar tekjur, hvar sem þeirra er aflagð.

Með „ex-patriates“ er almennt átt við starfsmenn sem gegna skilgreindum stjórnunarstöðum í fyrirtækjum og uppfylla tiltekin skilyrði um háskólamenntun o.fl. Það er erfitt að laða til landsins vel menntaða og eftirsóknarverða starfsmenn og talin er hætt á því að ef ekkert verði gert í þessum málum, þá muni íslensk fjármálfyrirtæki og útrásarfyrirtæki neyðast til að starfa í auknum mæli erlendis. Að sama skapi er aðlaðandi umhverfi forsenda fyrir því að innlend og erlend fyrirtæki stofni hér fjármálfyrirtæki eða setji upp rannsóknar- eða þróunarsetur. Líta þarf til allrar þjónustu við hinn erlenda sérfræðing og fjölskyldu hans, s.s. til skóla og annarrar opinberrar þjónustu, en ekki síst lágrar flatrar skattlagningar. Þetta hefur verið gert víða í nágrannalöndunum með ágætum árangri, s.s. í Danmörku og Hollandi. Það blasir hins vegar við að hér á landi þarf að gera enn betur við þessa starfsmenn til að auðvelda þeim, og fjölskyldum þeirra, þá ákvörðun að dvelja hér og starfa árið um kring. Menntakerfið annar ekki eftirspurn eftir sérfræðingum og ljóst er að ef alþjóðleg fjármálastarfsemi eykst enn frekar hér á landi þá mun skortur á sérfræðingum teyja þá þróun. Þá eru ólíkar aðstæður hér á landi miðað við það sem tíðkast á meginlandi Evrópu. Til dæmis eru íbúar í Lúxemborg rúmlega 470.000, en á hverjum degi fara yfir 300.000 manns yfir landamærin til og frá vinnu. Nokkuð ljóst er að hér verður ekki hægt að sækja í mannauðinn á jafn auðveldan hátt og víða annars staðar.

Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir muni leiða til aukningar á skattekjum ríkissjóðs til lengri tíma lítið, hvort heldur er varðar skattlagningu einstaklinga eða fyrirtækja, enda muni þessar reglur virka hvetjandi á einstaklinga til að flytja hingað og fyrir innlend fyrirtæki að halda starfsemi sinni, og þar með starfsmönnum, hér á landi.

#### VI. 8. Auðveldari flutningur til Íslands

Hér er gerð grein fyrir hugmynd um að setja þurfi reglur um ákvörðun skattstofna þeirra sem flytja til Íslands þannig að tekið sé mið af verðmæti eigna við flutning til landsins. Með þessum hætti yrði erlendum aðilum, hvort heldur eru einstaklingar eða fyrirtæki, auðveldað til muna að færa sig eða starfsemi sína til Íslands.

Kjarni þessarar hugmyndar er að aukning verðmæta (kostnaðarverð við ákvörðun skattskylds hagnaðar) hafi að hluta til átt sér stað áður en viðkomandi varð íslenskur skattþegn og sá hluti eignaukningar verði ekki talinn til skattstofns á Íslandi, hvort heldur er varðar tekjuskatt eða erfðafjárskatt.

Mikilvægt er að haga reglum þannig að við ákvörðun skattstofna þeirra sem flytja til Íslands verði tekið mið af verðmæti eigna við flutning til landsins en ekki til þeirrar aukningar sem kann að hafa orðið til áður en viðkomandi varð íslenskur skattþegn (hvort sem um er að ræða einstakling eða lögaðila) – „step-up in basis“. Þannig verði t.d. við ákvörðun á skattskyldum söluhagnaði eigna ekki miðað við mun á söluverði og upphaflegu kostnaðarverði, heldur mun á söluverði og verðmæti eigna við flutning til landsins. Sem dæmi má nefna erlendan ríkisborgara sem ákveður að flytja skattalega heimilisfesti sína til Íslands. Stofnverð eigna hans, t.d. hlutabréfa og annarra sambærilegra verðbréfa, myndi þannig miðast við markaðsverð á þeim tíma þegar hann flytti til landsins. Nefna má að í sumum löndum er svokallaður brottflutningsskattur („exit tax“) sem lagður er á slíkar eignir við flutning úr landi, og því myndi svona regla koma í veg fyrir tvísköttun tekna og auðvelda aðilum að flytja til landsins. Þess þarf þó að gæta við reglusetningu sem þessa að tryggj sé að innlendir aðilar geti ekki nýtt sér slíkar reglur til að komast hjá eðlilegum skattgreiðslum hér á landi.

#### VI. 9. Rýmri reglur um aðflutta einstaklinga

Ríki eins og Bretland, Sviss og Lúxemborg hafa sett reglur sem ætlað er að laða til landsins efnaða einstaklinga með tilheyrandi aukningu í fjármálaumsýslu og öðrum umsvifum. Æskilegt er að Ísland hugi vel að þessum möguleikum, enda fylgir þessum einstaklingum iðulega umtalsverð alþjóðleg fjármálastarfsemi og virðisaukandi þjónusta innan lands.

Auðvelda mætti efnuðum einstaklingum að flytja skattalega heimilisfesti sína hingað með því að setja sérstakar reglur. Þetta mætti gera þannig að allar tekjur slíkra aðila sem upprunar eru erlendis, hverju nafni sem þær nefnast, verði skattlagðar hér á landi í almennu skattþrepi, en þó eingöngu í hlutfalli við dvöl þeirra hér á landi. Þá verði bú þeirra undanþegin erfðafjárskatti.

Til dæmis gætu erlendir ríkisborgarar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, fengið staðfestingu á því að allar tekjur þeirra yrðu skattlagðar hér á landi í almennu skattþrepi (u.þ.b. 37% á launatekjur og 10% á fjármagnstekjur), í hlutfalli við dvöl þeirra hér, sem að lágmarki næmi 3 mánuðum. Þá verði bú þeirra undanþegin erfðafjárskatti. Skattlagning erlendra tekna yrði því að lágmarki sem samsvarar um 9,25% á almennar launa- og atvinnurekstrartekjur og um 2.5% á fjármagnstekjur. Tekjur sem eru upprunar hér á landi koma þó til fullrar skattlagningar. Þessum reglum myndi svipa nokkuð til þeirra sem tíðkast í Bretlandi, en gert er ráð fyrir að þær yrðu einfaldari í framkvæmd, auk þess sem raunskattlagning tekna yrði mun lægri hér á landi (sérstaklega skattlagning fjármagnstekna). Þessar reglur myndu auka fjárfestingar viðkomandi aðila hér á landi og umsvif



innlendra fjármálastofnana við eignastýringu og ráðgjöf um fjárfestingar þeirra innan lands sem utan. Ljóst er að flutningur þessara aðila hingað til lands myndi auka beinar og óbeinar skatttekjur ríkissjóðs.

Hinir erlendu einstaklingar þyrftu að uppfylla ákveðin skilyrði til að teljast íslenskir skattþegnar, t.d. að þeir i) væru erlendir ríkisborgarar; ii) dveldust hér á landi a.m.k. 3 mánuði á ári; iii) væru „fagfjárfestar“ og uppfylltu almenn skilyrði þar um sem sett eru í lögum nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti; iv) hefðu hér ákveðnar lágmarksupphæðir í fjárvörslu; v) og hefðu hér fullan og ótakmarkaðan aðgang að heilsárshúsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína.

## VII. YFIRLIT UM FYLGISKJÖL

- sem fylgdu með skýrslu nefndarinnar til forsætisráðuneytisins

1. Áhrif fjármálafyrirtækja á efnahagslífið (Hagfræðisetur HR, apríl 2006).
2. 15% landið Ísland (Verslunarráð Íslands, 2005).
3. Ásgeir Jónsson: Um framþróun íslenska bankakerfisins (Vísbending, 2004).
4. Jón Elvar Guðmundsson: Eftirsóknarverð alþjóðleg fjármálastarfsemi (2006).
5. Fjármálaráðuneytið: Tilskipun ESB um starfstengdan lífeyrissparnað, og samspil hennar við íslenska lífeyrissjóðakerfið (minnisblað, febrúar 2006).
6. Jóhann Möller, Sigurður Kristinn Egilsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Þórarinn Sveinsson: Ísland – miðstöð lífeyrissjóða í Evrópu (kynning, janúar 2006).
7. Tillögur starfshóps um Einfaldara Ísland (september 2006).
8. Irish Bankers Federation: Development of International Financial Services in Ireland (February, 2006).
9. Switzerland – framework conditions for a leading financial services centre (Ernst & Young, January 2006).
10. The position of the Netherlands in the international tax arena (Ernst & Young, February 2006).
11. CIT 2007. (PriceWaterhouseCoopers, May, 2006).
12. Piret Jesse: Principles of new corporate income tax regime to become effective on 2009 disclosed for public debate in Estonia (June, 2006).
13. Hungarian Resident Companies (Calderan Newsletter, January 2006).
14. Foreign Experts in Iceland (Iceland Chamber of Commerce, 2003).
15. KPMG's Corporate Tax Rate Survey 2006.



# Alþjóðleg fjármálastarfsemi á Íslandi

Nefnd forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi